

Nefndasvið Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál.

12. nóvember 2015

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að hafa fengið til umsagnar Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, sbr. tölvupóst Nefndasviðs Alþingis 23. október sl.

Frumvarpið er efnismikið og greinilega er leitast við að það nái til sem flestra þeirra fjölmörgu þátta sem lúta að þessu viðkvæma máli. Það er vissulega þakkarvert að vandað sé til þess ramma sem settur er um málið til að reyna sem best að tryggja að staðgöngumæðrun hér á landi verði eingöngu í velgjörðarskyni. Gert ráð fyrir skilyrðum til að sporna við því að greitt sé fyrir þjónustu staðgöngumæðra og að hún verði veitt í hagnaðarskyni. Hæpið er þó að gera ráð fyrir að slíkir varnaglar haldi en hitt skiptir ekki síður máli hvort meðgönguþjónusta stuðli í raun að aukinni farsæld allra viðkomandi aðila, hvort sem þjónustan væri launuð eða ekki.

Staðgöngumæðrun er vissulega ætlað að veita barnlausu fólki þá gæfu að eiga og ala upp börn. Alla kosti verður þó ævinlega að skoða í ljósi heildarsamhengis, blóðforeldranna, staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, en ekki síst barnsins sjálfs. Ætt og uppruni og samhengi kynslóðanna eru ríkur þáttur í tilvistarvitund okkar og sjálfsmynd. Aðskilnaður foreldra og barna veldur oft ómældum sársauka, auk þess sem réttur barns til að þekkja ætt sína og uppruna ætti að vera fortakslaus.

Í bahá'í trúnni er líkt og í öðrum trúarbrögðum lögð áhersla á fjölskylduna sem grunneiningu og hornstein samfélagsins en hlutverk hjónabandsins felst ekki síst í því að ala upp nýja kynslóð af ábyrgð, ástríki og visku. Ábyrgð á eigin lífi og afkvæma sinna nær einnig til kynfruma. Egg og sæði eru því hvorki sölu- né gjafavara.

Það að aðskilja blódtengsl og fjölskyldutengsl líkt og gerist þegar egg eða sæði er gefið, jafnvel nafnlaust, er að okkar áliti varhugavert þótt það sé heimilt samkvæmt íslenskum lögum. Staðgöngumæðrun, þar sem kona gengur með barn alls óskylt sér og maka sínum, er nýtt og jafnvel enn stærra skref í þessum aðskilnaði, þar sem ein forsenda þess að vel takist til á að vera að konan myndi ekki tilfinningatengsl við barnið sem hún ber undir belt og fæðir.

Hvort staðgöngumæður geti forðast að bera tilfinningar til barnanna sem þær ganga með, eða hvort slíkt tilfinningaleysi sé hollt, eru veigamikil atriði sem þarf að hugleiða af fullri alvöru. Hætt er við að reglur sem sniðganga tilfinningar tengdar meðgöngu í því skyni að uppfylla tilfinningar annars fólks séu í mótsögn við raunverluengt mannlegt eðli okkar. Eðlislægar mannlegar tilfinningar eru dýpri en svo að þeim verði vikið til hliðar fyrir tæknilegar lausnir. Öll erum við takmörkunum háð og á einhverju stigi hljótum við að beygja okkur í auðmýkt og ædruleysi fyrir aðstæðum og örlögum. Þótt tækni og vísindi geti bætt líf okkar er á stundum rétt að staldra við og meta tilgang og markmið. Tæknilegir möguleikar mega ekki leiða til þess að við missum sýn á grunngildi mannsins og krefjumst þess að allar óskir okkar rætist, jafnvel á kostnað annarra.

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

Tilfinningar gagnvart fjölskyldu eru líklega sterkustu tilfinningar sem við berum í brjósti og að ætla að aftengja raunveruleg blóðbönd á svo afgerandi hátt kann að leiða af sér meiri tilfinningaflækjur og óhamingju en þá gæfu sem þeim var ætlað að uppfylla.

Þótt andlega þjóðarráðið hafi ævinlega fordæst að þröngva siðgildum bahá'í trúarinnar upp á aðra getum við með engu móti mælt með staðgöngumæðrum af neinu tagi.

fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi

Marta Aðalh. Hinriksd.

Marta Aðalheiður Hinriksdóttir ritari

Reykjavík 27. nóvember 2015

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Þingskjal 245 – 229. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru. Við þá nálgun er stuðst í umsögn þessari.

Fyrst er að nefna að hvergi á Norðurlöndum er staðgöngumæðrun leyfð en löng hefð er fyrir því að Ísland fylgi lagaþróun Norðurlandanna. Eins er að engar alþjóðlegar skuldbindingar segja til um nauðsyn þess að setja lög um staðgöngumæðrun.

Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er vandmeðfarið viðfangsefni og margar siðferðilegar spurningar vakna við yfirlestur á frumvarpinu. Að mati Barnaheilla hafa hagsmunir og réttindi barna ekki verið tryggð í því.

Meðal margra atriða sem Barnaheill telja á siðferðilegum mörkum má nefna fyrirkomulag á afhendingu barns sem virðist vera alveg óskýrt í frumvarpinu hvernig ætti að standa að. Virðist umþóttunartími staðgöngumóður og rými til að hætta við afhendingu barnsins vera of rúmur með tilliti til hagsmuna barnsins. Annað dæmi um álitamál snýr að ákvæði 26. gr. frv. sem tengist ákvörðun um foreldrastöðu barns sem fætt er samkvæmt erlendum lögum. Þarna virðist geta orðið torvelt í framkvæmd að gæta réttinda barnsins til að þekkja uppruna sinn og til að umgangast kynforeldra sína eða alast upp hjá þeim eftir atvikum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi líta á málefnið sem afar viðkvæmt og líklegra en margt annað til að vekja upp erfiðan ágreining á meðal þeirra sem að slíkum meðgöngum og barneignum kæmu. Áréttað skal að Barnaheill líta svo á að réttindi og velferð barnanna séu ekki enn tryggð í frumvarpinu.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna á sérhvert barn meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríki tryggja að það megi lifa og þroskast. Það er fjarri lagi að öllum börnum heimsins sé tryggður sá réttur. Fjöldi barna býr við sára neyð, ungbarnadauði er enn mikill í mörgum löndum heims og fjöldi barna er munaðarlaus. Barnaheill minna einnig á valkostinn ættleiðingar.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægara út frá hagsmunum barna að leggja áherslu á að tryggja öllum börnum réttinn til lífs og þroska og leggja því til að frekari vinna verði lögð í það.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Bréf

Alþingi, nefndasvið Þórshamri v/Templarasund 150 REYKJAVÍK	Reykjavík, 2. nóvember 2015 2015010052
--	---

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 23. október 2015, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

I.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að vekja athygli á því að ekki eru innlendar eða alþjóðlegar skuldbindingar sem gera kröfu um að setja verði lög sem heimila staðgöngumæðrun. Á þessu stigi málsins telur Barnaverndarstofa hins vegar rétt að leggja fyrst og fremst áherslu á það að verði slík lög sett þá tryggi þau að staða og aðbúnaður þeirra barna sem koma í heiminn með staðgöngumæðrun verði fullnægjandi og réttinda þeirra gætt í hvívetna.

Barnaverndarstofa leyfir sér jafnframt að benda á að ef frumvarp þetta verður að lögum þá gilda þrens konar lög varðandi aðstoð hins opinbera til þeirra sem ekki geta eignast börn með hefðbundnum hætti, þ.e. auk fyrirhugaðra laga um staðgöngumæðrun hefur löggjafinn sett annars vegar lög um ættleiðingar og hins vegar lög um tæknifrjóvgun. Ólík skilyrði gilda varðandi leyfi skv. hverri löggjöf og ólíkar málsmeðferðarreglur. Velta má fyrir sér hvort málefnaleg mismunur sé á ólíkum skilyrðum í umræddum lögum og hvort heppilegt sé að skoða þessi mál í stærra samhengi í þeim tilgangi fari fram heildarendurskoðun á þessu sviði með það fyrir augum að samræmi reglur og skilyrði sem gilda þegar hið opinbera aðstoðar einstaklinga eða pör við að eignast börn.

II.

Það vekur athygli Barnaverndarstofu að í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvernig eigi að fara með mál þar sem komið er með barn hingað til lands sem fætt er samkvæmt erlendum lögum um staðgöngumæðrun. Með ákvæðinu er þannig opnað á þann möguleika að veita einstaklingum foreldrastöðu eftir að barn hefur komið í heiminn með aðstoð staðgöngumóður. Vekur ákvæðið upp spurningar um það hvort löggjafinn eigi að veita einstaklingum tækifæri á að eignast barn með staðgöngumæðrun án þess að hafa hlotið tilskilin leyfi áður.

Bendir Barnaverndarstofa á að slíkt opnar á það að einstaklingar fari framhjá kerfinu í þeirri trú að hægt verði að veita leyfið síðar meir eða jafnvel eftir að hafa fengið synjun um leyfi frá nefnd um staðgöngumæðrun. Á það ekki síst við í þeim málum þar sem vafi kann að leika á því hvort einstaklingar uppfylla skilyrði laganna þar sem Barnaverndarstofa ræður það af orðalagi 3. mgr. 26. gr. að ekki verði gerðar sömu kröfur til þessara einstaklinga og þeirra einstaklinga sem sækja um leyfi til staðgöngumæðrunar.

Barnaverndarstofa telur það brýnt að sömu kröfur verði gerðar til þessara einstaklinga og annarra sem vilja eignast börn með staðgöngumæðrun. Barnaverndarstofa telur þ.a.l. brýnt að í 26. gr. verði kveðið með skýrum hætti á um að þær kröfur sem gerðar eru í 9. gr. frumvarpsins gildi líka þegar leyfi er veitt eftir á. Telur Barnaverndarstofa með hliðsjón af hagsmunum og réttindum þeirra barna sem hér um ræðir, sbr. 4. gr. frumvarpsins, mikilvægt að ekki verði veittur afsláttur af uppeldisskilyrðum sem þeim börnum er boðið upp á.

Ef veita slá á af þeim skilyrðum sem gerðar eru til staðgöngumæðrunar í þessum tilvikum telur Barnaverndarstofa brýnt að það verði skilgreint með afgerandi hætti hvaða skilyrði staðgöngumæðrunar eru ófrávikjanleg og hvaða skilyrðum er hægt að víkja frá í tilvikum sem þessum svo nefnd um staðgöngumæðrun geti lagt fullnægjandi mat það hvort hagsmunir verði tryggðir, sbr. 18. gr. frumvarpsins.

III.

Barnaverndarstofa vekur athygli á því að í frumvarpinu er ekki tekin afstaða til þess hvað eigi að gera í þeim tilvikum þar sem farið er kringum reglurnar með einum eða öðrum hætti, s.s. ef greitt er fyrir staðgöngumæðrun

eða ef einstaklingar sem ekki uppfylla skilyrði um staðgöngumæðrun fara fram hjá kerfinu og eignast börn með staðgöngumæðrun án leyfis.

Barnaverndaryfirvöld eru meðal þeirra yfirvalda sem þegar hafa til meðferðar mál þar sem börn hafa komið í heiminn með staðgöngumæðrun erlendis. Í slíkum tilvikum er óljóst hverjir fara með forsjá barnanna og hafa barnaverndarnefndir þá tekið forsjána yfir að svo stöddu þar til leyst hefur verið úr þeim málum. Hafa nefndirnar þar af leiðandi borið ábyrgð á vistun barnanna og hefur það verið gert með þeim hætti að barnaverndarnefndirnar sækja um til Barnaverndarstofu að gera þá aðila sem vilja fara með forsjá barnanna að vistforeldrum skv. 84. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Verði ekki leyst með afgerandi hætti úr þessu álitafni með lögum um staðgöngumæðrun er hætt við því að sama réttaróvissa verði við lýði og er í dag varðandi framtíð þessara barna. Barnaverndarstofa bendir á að verið er að setja barnaverndaryfirvöld í mjög erfiða stöðu þegar löggjafinn tekur ekki afstöðu til þess hvernig eigi að fara með þessi mál. Sú staða getur þá komið upp að einstaklingar uppfylli ekki skilyrði til þess að eiga barn með staðgöngumæðrun en barnið er eftir sem áður komið á heimilið. Erfitt er að veita þeim einstaklingum sem ekki uppfylla skilyrði staðgöngumæðrunar leyfi til þess að verða vistunaraðilar barnanna á grundvelli barnaverndarlaga þar sem í barnaverndarlögum og reglugerðum sem settar eru með stöð í þeim lögum eru gerðar töluverðar kröfur til vistunaraðila skv. barnaverndarlögum. Hins vegar eru aðstæður á heimilinu e.t.v. ekki með þeim hætti að almenn skilyrði séu fyrir hendi svo hægt sé að fjarlægja barn af heimilinu á grundvelli barnaverndarlaga. Brýnt er að í frumvarpi um staðgöngumæðrun verði tekið með afgerandi hætti á þessum álitafnum.

IV.

Að lokum telur Barnaverndarstofa nauðsynlegt að vekja athygli á því að erfitt er að sjá það fyrir sér að reglur frumvarpsins komi í raun og veru fyrir að upp geti komið deilur milli væntanlegra foreldra og staðgöngumóður, s.s. varðandi lifnadarhætti staðgöngumóður á meðgöngu, sérstaklega ef síðar kemur í ljós að barnið glímir e.t.v. við fötlun eða erfiðleika sem væntanlegir foreldrar vilja rekja til hegðunar staðgöngumóður á meðgöngu.

Telur Barnaverndarstofa nauðsynlegt að Alþingi velti því fyrir sér hvort e.t.v. sé um að ræða málaflokk þar sem þau álitafni sem koma upp séu í verulegum mæli utan þess sem hægt er að kveða á um í lögum með fullnægjandi hætti og hvort e.t.v. verði alltaf það mörg álitafni sem ekki er hægt að taka afstöðu til í löggjöf til þess að hægt sé að setja skynsamlega löggjöf um staðgöngumæðrun.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

Reykjavík 12. nóvember 2015

Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Velferðarnefnd Alþingis.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, þingskjal 245 – 229. mál.

Siðaráð Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga (Fíh) fjallaði um væntanlegt lagafrumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni í ágúst 2013. Niðurstaða Siðaráðs Fíh var á þann veg að siðaráðið gæti ekki mælt með því að staðgöngumæðrun verði lögleidd á Íslandi.

Í umsögn Siðaráðs Fíh frá 2013 segir m.a. Í dag er staðan sú að staðgöngumæðrun er bönnuð á öllum Norðurlöndunum. Mjög fáar Evrópuþjóðir leyfa staðgöngumæðrun en af þeim hefur Bretland einna mesta reynslu. Þingsályktunartillögur sama efnis komu fram árin 2009 og 2011. Margar vandaðar umsagnir frá faghópum og stofnunum í samfélaginu voru unnar í tengslum við þessar þingsályktunartillögur og hafa þær allflestar verið á þá leið að ekki eigi að lögleiða staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Íslandi. Í umsögnum hefur komið fram að lögfræðileg, siðfræðileg og læknisfræðileg álitamál séu margþætt og erfið úrlausnar. Enn fremur að þegar um svo flókið mál sé að ræða þar sem mörg álitamál eru til staðar, megi búast við að staðgöngumæðrun leiði til fleiri vandamála en henni er ætlað að leysa. Engin trúverðug rök hafa komið fram sem styðja það að Íslendingar eigi að vera brautryðjendur meðal norðurlandaþjóða á þessu sviði. Þvert á móti hafa umsagnir verið á þá leið að skynsamlegast sé að skoða þessi mál vandlega og taka mið af þróun mála á Norðurlöndunum og jafnvel vera í samvinnu þar um.

Félaga íslenskra hjúkrunarfræðinga tekur undir álit Siðaráðs félagsins og telur að innleiðing á staðgöngumæðrum í velgjörðarskyni sé ekki tímabær.

Virðingarfyllst,



Ólafur G. Skúlason formaður
Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

Reykjavík 16. nóvember 2015

Skrifstofa Alþingis
B/t velferðarnefndar Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Félagsráðgjafafélags Íslands vegna frumvarps til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 23. október 2015, þar sem félaginu var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál. Þakkar Félagsráðgjafafélag Íslands fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) telur að frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni snúast um flókin álitamál sem snerta réttindi barns sem kemur í heiminn við slíkar aðstæður og réttindi kvenna sem gefa afnotarétt af líkama sínum í þessu skyni. Vert er að hafa í huga að innlendir og alþjóðlegar skuldbindingar gera ekki kröfu um að setja verði lög sem heimila staðgöngumæðrun. Frumvarpið felur í sér flókin læknisfræðileg, siðfræðileg og samfélagsleg álitaefni og ekkert hinna norðurlandanna hefur leyft staðgöngumæðrun. Þá þarf að hafa í huga hið flókna líffræðilega og tilfinningalega valdasamband sem skapast milli staðgöngumóður og væntanlegra foreldra. Tekur FÍ undir athugasemdir Barnaverndarstofu, Embættis landlæknis og Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum um frumvarpið.

Grundvöllur félagsráðgjafar er virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu. Félagsráðgjafar hafa sjónarhorn valdeflingar, heildarsýnar og þarfir einstaklingsins að leiðarljósi í störfum sínum. Ef það er vilji löggjafans að heimila staðgöngumæðrun vill Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) taka undir athugasemdir Sálfræðingafélags Íslands (SÍ) varðandi 6. gr. frumvarpsins þannig að félagsráðgjafi og sálfræðingur eigi sæti í sérfræðinganefnd sem veitir leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni. FÍ tekur einnig undir athugasemdir SÍ varðandi 13. gr. frumvarpsins um að tryggja aðgang að faglegri ráðgjöf félagsráðgjafa og sálfræðings í gegnum allan feril staðgöngumæðrunar.

Félagsráðgjafafélag Íslands hvetur Alþingi til að velta því fyrir sér hvort þau álitaefni sem koma upp í tengslum við þennan málaflokk séu það mörg að frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni skapi meiri vanda en það leysir.

Sé þess óskað er Félagsráðgjafafélag Íslands reiðubúið að fylgja þessari umsögn eftir.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar

Steinunn Bergmann varaformaður
Hildigunnur Árnadóttir stjórnarmaður

Umsögn um:

Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Sendandi: Guðmundur Pálsson læknir, sérfræðingur í heimilislækningum

Dags: 13. nóvember 2015.

Númer þingmáls: 229

Ég hef tvisvar áður sent inn umsögn um staðgöngumæðrun og lýst áhyggjum mínum af ferlinu.

Í grundvallaratriðum er ég andvígur staðgöngumæðrun á þeim grundvelli að það verði með tímanum talin sjálfsagður meðgönguvalkostur ef hún verður einu sinni leyfð. Ekki bara fyrir konur sem hafa sjúkdóma í legi eða geta heilsunnar vegna ekki gengið með barn, heldur í raun alla þá sem þess æskja, annað hvort héraðs eða erlendis. Ef það gerist mun þjóðfélagið breytast í veigamiklum atriðum og þá sérstaklega hugmyndir okkar um barneignir og móðurhlutverk. Fjölskyldan getur einnig laskast og börnin sjálf.

Það er ertitt að ná fram yfirlýstum markmiðum um velgjörð.

Má fullyrða að áhrif frumvarpsins muni ráðast fyrst og fremst af einni grein þess.

Það er **26. grein** sem fjallar um foreldrastöðu barns sem fætt er samkvæmt erlendum lögum um staðgöngumæðrun. Það blasir við að lögin munu tryggja að t.t.l. fáar staðgöngumeðgöngur verði hér á landi en opnað er fyrir móttöku barna sem getin eru erlendis með hjálp staðgöngumæðra í fjarlægum löndum. Og það er ávallt gert í hagnaðarskyni eins og menn vita. Löggjafinn gæti haft áhrif á þetta og stöðvað það, en gerir það ekki. Hann einfaldlega tekur ekki afstöðu til þess að þetta verður alþjóðlegur iðnaður ef engar skorður eru settar.

Hægt væri að hugsa **sér sem millileið að nefnd um staðgöngumæðrun fari yfir ástand mála í þeim löndum sem um ræðir og viðurkenni ákveðin lönd eða ákveðnar stofnanir** sem uppfylla þau skilyrði sem upp eru sett, á svipaðan hátt og gert er við ættleiðingarferlið.

Þetta er ákvæði sem ætti heima í frumvarpinu því annars er 26. greinin í raun staðfesting á því að þessi lög leyfa staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni en banna hana ekki. Skilyrðin eru að viðskiptin fari fram erlendis. Svona virðist þetta vera.

Ég vil leggja fram eftirfarandi athugasemdir teknar fyrir í röð eftir greinum frumvarps.

3 gr.

Staðgöngumæðrun:

Það er að mínu áliti sálfræðilega röng niðurstaða að kona geti allt **að þrisvar sinnum** (sjá 18.gr.) gengið með barn og látið það frá sér eftir fæðingu, án þess að bíða af því tilfinningalegan skaða. Þetta hefur margoft komið fram að konur þola illa að ganga með barn og láta það frá sér, og sjá það síðan ekki meir. Öðru máli gæti gengt með tengda manneskju, systur eða vinkonu sem gerir þetta einu sinni og hefur aðgang að barninu eða getur fylgst með því vaxa upp.

Væntanlegir foreldrar:

Sé opnað fyrir því að einstaklingar fái börn er opnað fyrir bæði kynin, einstæða karlmenn einnig og samkynhneigða. Að láta konu ganga með barn fyrir sig erlendis, greiða fyrir það og koma með barnið til landsins. Farsælla væri að stæði einfaldlega: hjón eða sambúðarfólk sem getur ekki af heilsufarsástæðum eignast börn. Reglurnar verða að vera að minnsta kosti jafn strangar og fyrir ættleiðingu.

4. gr.

Hagsmunir barns:

Sagt er í texta um staðgöngumóður og væntanlega foreldra að andleg og líkamleg heilsa sé þannig að ætla megí að barnið muni búa við þroskavænleg uppeldisskilyrði.

Þetta er mjög erfitt að meta og kveða úr um að ákveðin einkenni, sjúkdóma, lyf eða sjúkrasaga útiloki meðgöngu eða foreldrastöðu. Venjuleg heilsugæsla er ekki í stakk búin að leiðbeina fólki í þessu efni eða útbúa vottorð. Ég vil leggja til sérstaka lækna á vegum nefndar um staðgöngumæðrun. Huga þarf að sérstökum þáttum svo sem hækkuðum blóðþrýstingi, sykursýki, próteinum í þvagi, hækkuðu sökki, bjúg, giktsjúkdómum, skjaldkyrtilssjúkdómum, alkóhólisma, ofnotkun ávanabindandi lyfja, þunglyndi, notkun svefnlyfja, ofbeldishneigð, þyngd ofl. Reglugerð þarf eflaust um þetta atriði, hvaða rannsóknir skulu teknar osfv líkt og gert er við meirapróf til akstursréttinda.

Sérskaklega vil ég leggja til að sá sem ætli sér að taka barn erlendis frá, hafi vottorð frá lækni og nefnd um staðgöngumæðrun **áður** en hann kaupir sér staðgöngumóður erlendis.

6.gr.

Um nefnd um staðgöngumæðrun:

Ég vil nefna dæmi sem nefndin verður að geta leyst.

Nú ætlar maður að fá sér barn sem brotið hefur af sér, er alkóhólisti, dæmdur barnaníðingur eða augljóslega ófær um að sinna hlutverkinu. Hann gæti verið kvæntur, einhleypur eða samkynhneigður. Vegna fjarlægðar og undirborðsgreiðslu fær hann indverska staðgöngumóður þrátt fyrir vandamál sín. Hann sækir ekki um nein leyfi. Nú kemur hann með barnið til Íslands. Hvað gerir nefndin varðandi foreldrastöðu hans? Og hvað gerir hún við barnið?

9.gr.

Skilyrði er varða væntanlega foreldra:

Mér hugnast ekki að einhleypir einstaklingar geti fengið foreldrastöðu af þeirri ástæðu að það opnar gáttirnar algjörlega varðandi kaup einstaklinga á staðgöngumæðrun erlendis. Það er ekkert að því að setja þau eðlilegu skilyrði að um sé að ræða tvo einstaklinga, hjón eða fólk í sambúð líkt og gert er við ættleiðingar.

Það er sjálfsagt að viðurkenna að það er mjög erfitt fyrir eina manneskiu að ala upp barn og taka ábyrgð á öllum þörfum þess og uppeldi, fjárhagslegum og andlegum þáttum. Því vil ég leggja til að maður taki út þriðju málsgrein 9. gr.

12.gr.

Heilsufarsupplýsingar umsækjanda:

2. liður

Ég vil leggja til sérstaka lækna á vegum nefndar um staðgöngumæðrun til að sinna þessu verkefni.

Huga þarf að sérstökum þáttum svo sem hækkuðum blóðþrýstingi, sykursýki, próteinum í þvagi, hækkuðu sökki, bjúg, giktsjúkdómum, skjaldkyrtilssjúkdómum, alkóhólisma, ofnotkun ávanabindandi lyfja, þunglyndi, notkun svefnlyfja, ofbeldishneigð, þyngd ofl. eftir settum reglum.

Reglugerð þarf um þetta atriði, hvaða rannsóknir skulu teknar líkt og gert er við t.d. meirapróf eða flugpróf til samanburðar.

17. gr.

Endurgreiðsla vegna útlagðs kostnaðar:

Gæta þarf að þessi kostnaður flytjist ekki yfir á sameiginlega sjóði heldur sé kostaður af einstaklingunum sem fá foreldrastöðu. Gerist það koma samstundis kröfur um að ríkið greiði einnig hluta kostnaðar við staðgöngumæðrun erlendis. Auðvelt er að sjá fyrir sér að kröfur um greiðslu fyrir útlagðan kostnað þróist yfir í greiðslu fyrir vinnutap og þess háttar uppbætur – er þá tómt mál að tala um velgjörð. Undirborðsgreiðslur geta einnig orðið til eða greiðslur fyrir huti sem liggja „á mörkunum“. Ríkið getur ekkert gert til að sporna við því.

18. gr.

Leyfilegur fjöldi staðgöngumeðgangna:

Erfitt er að skilja hvers vegna **löggjafinn heimilar þrjú leyfi** til meðgöngu. Nær væri að mæla með einu eða tveimur skiptum.

28 gr.

Upplýsingaréttur barns:

Sé barni sem fætt er af staðgöngumóður leyfilegt að komast að uppruna sínum s.s að finna föður sinn sem gaf sæðisfrumu til getnaðar, því er þá ekki öðrum börnum á Íslandi leyfilegt að gera það sama sem getin eru með nafnlausum sæðisgjafa.

31 og 32 gr.

Bann við auglýsingum og milligöngu:

Ekki er leyft að auglýsa né leyft að hafa milligöngu um staðgöngumæðrun stendur í greinunum.

Ekki er tekið fram hvernig auglýsingar eru bannaðar, í dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi, interneti eða

síma; þess er líklega þörf. Þetta stangast á við upplýsingasíður og auglýsingar erlendra aðila á veraldarvefnum; þá er eitthvað bannað hér sem er leyft erlendis.

Varðandi erlenda þjónustu sem löggjöfin augljóslega leyfir er tómmt mál að tala um auglýsingabann. Hvað með milligöngu fyrir erlenda aðila, sem t.d. kæmu hingað að kynna staðgöngumæðrun á Indlandi eða Úkraínu og héldu fræðafyrirlestur eða kynningu. Er þetta nógu skírt í lögnum?

33. gr.

Staðgöngumæðrun yfir landamæri:

Í greininni stendur orðrétt:

Óheimilt er að leita eftir eða gera ráðstafanir hér á landi til að nýta sér staðgöngumæðrun í útlöndum sem uppfyllir ekki skilyrði þessarra laga. Felur þetta einnig í sér höfuðatriði málsins sem er velgjörð? Það getur varla verið því finnst nokkrir aðilar erlendis sem gera þetta án greiðslu? Ef svo er, er þessi málsgrein merkingarlaus því þetta er meginatriði laganna.

Um milligöngu í sömu grein:

Fyrirtæki eins og Art Medica mætti þess vegna ekki hafa milligöngu um staðgöngumæðrun erlendis, heldur ekki einstakir lögfræðingar eða læknar.

34. gr.

Refsingar:

Um sekt að lágmarki 300.000:

Maður getur ímyndað sér að margir greiði með glöðu geði fésekt að upphæð kr 300. 000 eða þaðan af meira fyrir að fá barn, upphæðin er ekki fráfælandi þó hún væri þrefölduð. Fangelsi fyrir ungan einstakling með hvítvoðung í fanginu er heldur ekki raunhæf refsing. Hvað munu fjölmiðlar segja um það? Og hvað á að gera við barnið, ef það gerist, sem líklegast er í þessu dæmi, að komið er erlendis frá með nokkurra vikna gamalt barn – samkvæmt lögnum fylla þau ekki skilyrðin?

35. gr.

Reglugerðarheimild:

Að mínu áliti þarf einnig reglugerð um staðgöngumæðrun erlendis því lögin munu opna fyrir þá starfsemi og að öllum líkindum verður það meirihlutinn sem lætur erlendar konur ganga með barn fyrir sig.

Ég hef áður sent umsögn vegna fyrri tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun og það virðist hafa verið tillit til hennar að einhverju leiti.

Ég er ánægður með að þingmenn virðast ætla að haga tillögugerð þannig að staðgöngumæðrun sé einungis ætluð þeim örfáu konum eða þörum (áætlað kringum fimm á ári) sem á þurfa að halda vegna sjúkdóma og að meirihluti þingmanna sé samþykkuð því að reyna að girða fyrir að þetta þróist yfir í annað en stefnt var að.

Mikilvægustu breytingarnar eru:

- a. **Að hindra að staðgöngumæðrun verði talinn sjálfsagður meðgönguvalkostur allra þeirra sem æskja þess eftir örfá ár.** Ég leiddi líkur að því í fyrri umsög minni að það yrði þróunin ef löggjafinn hugði ekki að sér.
- b. Hitt atriðið sem ég nefndi í umsögn minni og margir hafa tekið undir m.a. allir flutningsmenn tillögunar leggjast gegn staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni. **Löggjafinn virðist átta sig á því að það er ekki nóg að tilgreina þetta í lögnum heldur þarf að fylgja því eftir á margvíslegan máta með viðbótarákvæðum.**
- c. Löggjafinn hefur einnig **fallið frá því að breyta skilgreiningunni á móðurhlutverkinu** og það er vel.
- d. Menn virðast **mótfallnir því að greitt sé fyrir staðgöngumæðrun erlendis og börnin færð hingað heim.** Því er ég fyllilega sammála. Það er á grundvelli þessarar breytinga sem ég set mig niður og hugsa málið upp á nýtt en það virðast fjölmörg atriði sem þurfa athugunar við.

Almennar athugasemdir mínar lúta að eftirfarandi:

1.

ÞEGAR búið er að leyfa staðgöngumæðrun fyrir ákveðin hóp er ekki ólíklegt að einhverjum þyki á sér brotið ef menn geta ekki sjálfir á eigin spítur gert það sama erlendis og komið með barnið heim. Sú útfærsla staðgöngumæðrunar er sem kunnugt er ekki framkvæmanleg nema fyrir greiðslu. Því hefur bann við staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni sérstaka þýðingu. **Ekki er nægilegt að segja slíka starfsemi ólöglega hér á landi heldur þarf að girða fyrir að hægt verði að kaupa þessa þjónustu erlendis og koma með börn hingað til lands. Það er einfaldast gert með þeim hætti að óheimilt verði s.k. lögum að gefa út íslenskt vegabréf fyrir börn sem getin eru með staðgöngumæðrun erlendis.** Þetta lít ég á að sé algjört grundvallaratriði ef Ísland á að verða fyrirmyndarland í þessum málum.

2.

ÞAÐ er hæpið að hægt verði að girða fyrir greiðslu fyrir staðgöngumæðrun ef fólk er ákveðið í að láta af hendi fé fyrir greiðan. **Það gæti myndast hefð fyrir undirborðsgreiðslum og getur löggjafin þá ekkert gert nema það sé tekið fram að það sé óheimilt og greint frá viðurlögum við slíku broti.** Einnig gæti það gerst að menn kærðu sig kollótta um slík viðurlög í formi sekta og legðu á sig að greiða staðgöngumóður fyrir greiðan og sektina að auki. Það er líklegasta niðurstaðan að mínu áliti og því set ég hana fram hér. Slík viðurlög þurfa því að vera afgerandi eins og um barnasölu/kaup sé að ræða.

3.

MÍN skoðun er sú að til að hindra að þetta þróist sem atvinnuvegur sé óhjákvæmilegt annað en **að tiltaka í lögum að óheimilt sé að greiða fyrir vinnutap staðgöngumóður.**

Við getum séð fyrir okkur hjúkrunarfræðing sem hefur um 700 þús í laun á mánuði með vöktum. Hún myndi þá reikna sér 6,3 milljóna króna viðurgernig á 9 mánaða tímabili fyrir vinnutap og það segir sig sjálft að velgjörð er þá nafnið tómt og skjótt myndi þróast markaður. Menn myndu leita eftir konum

sem hefðu lág laun í sínu fasta starfi til að viðurgerningur yrði lágur. **Mjög mikilvægt er að menn falli ekki í þá gryfju að greiða fyrir vinnutap því það stríðir algjörlega gegn hugmyndinni um velgjörð.** Orlof fyrir staðgöngumóður á ekki við því þetta er ekki launað starf heldur velgjörð.

4.

ÉG vil benda á að fæðingarorlof eru greiðslur af almannafé og því er ekki sanngjarnt og rétt að hafa það tvöfalt þ.e. bæði fyrir staðgöngumóður og fjölskylduna sem fær barnið. **Ég mæli með því að fæðingarorlofið fylgi barninu og sé það samkomulag hvernig það skiptist.** Maður gæti séð fyrir sér skiptingu t.d. 1-3 mán til staðgöngumóður (sem tekin eru út á síðustu mánuðum meðgöngu í stað greiðslu fyrir vinnutap) og restin til hinnar nýju fjölskyldu.

5.

Auglýsingar.

FYRIRSJÁANLEGT er að skortur verður á staðgöngumæðrum þegar menn hafa áttað sig á þessum möguleika hér innanlands ef jafnframt er girt fyrir að greitt sé fyrir hann erlendis. Þá mun að öllum líkindum skapast ástand sem felur í sér að konur og þör sem sárlega finnst þeim þurfa þessa úrlausn verða ekki sátt og finnst jafnvel á sér brotið. Það eiga ekki allir systur, vinkonur eða aðra velgjörðarmenn sem geta gert þetta. Gera má ráð fyrir að þá skapist þrýstingur að greiða fyrir þjónustuna og auglýsa hana jafnvel með gylliboðum í blöðum, á netinu osfv. Löggjafinn þarf að hafa skíra sýn á þessum vanda sem næstum örugglega mun skapast.

6.

FARSÆLT væri að greina frá í lögunum eða meðfylgjandi reglugerð hvaða útgjaldaliðir megi falla undir útlagðan kostnað. Það getur verið nauðsynlegt að vita þegar frá byrjun hvað hann felur í sér svo kostnaður víki ekki út fyrir skynsamleg mörk og nálgist það sem gæti kallast "launuð velgjörð".

7.

TALAÐ er um í frumvarpi að staðgöngumæðrun sé ætlað að koma á móts við konur og þör sem geta ekki eignast börn vegna ágalla svo sem legleysis, krabbameinsmeðferðar eða erfðagalla. Það er vissulega vel hugsað. **Ég spyr mig hvernig löggjafinn ætli að gæta jafnræðis** og mæta fólki af sanngyrni til dæmis þegar kona með sykursýki, gikt, síþreytu eða þrönga grind vill einnig fara fram á sömu þjónustu. Eða aðra króníska sjúkdóma. Hvað með fötluðu konuna (sem annars er hraust) sem langar í barn eða manninn sem er einn og ógiftur? Eða eldri hjónin sem langaði í barn en misstu af lestinni. Verður ekki að sinna þessu fólki einnig? Er ekki hætt við lögsóknum síðar meir á hendur ríkinu og fólk fer að átta sig að lögin mismuna fólki?

8.

MEÐ vísan í lið 7. legg ég til þá einföldu lausn að greina milli sjúkra og heilbrigðra. Þannig að eingöngu sé heimilt s.k. lögum þessum að koma á móts við það fólk sem líður af sjúkdómum samkv. sjúkdómaskrá ICD10 (svo viðmið sé alþjóðlega viðurkennt) sem sannanlega hindra meðgöngu, en ekki þá sem teljast heilbrigðir. Þeir sem falla þá utan þessarar skilgreiningar eru frískir karlmenn og konur óháð aldri. Undir þá skilgreiningu falla einnig frískir gagnkynhneigðir og samkynhneigðir einstaklingar. Engir þessara teljast hafa sjúkdóma.

Spurningin er: Ef samkynhneigðir karlmenn fá aðgang að þessu úrræði, sem ég býst við að verði baráttumál fyrir einhverja hópa, verður þá ekki að veita öllum frískum karlmönnum það sama óháð því hvort þeir búa einir eða með maka? Það virðist blasa við. Því legg ég til að þessi einföldu landamæri séu virt.

9.

HVERNIG má koma í veg fyrir að staðgöngumæðrun verði atvinnuvegur fátækra erlendra kvenna sem flytjast til landsins til að fá hér réttindi gagnert til að geta gengið með börn fyrir aðrar konur? Þessu þarf að svara. Hægt er að sjá fyrir sér aðstæður þar sem kona frá fjarlægu landi sem hefur fengið íslenskan ríkisborgararétt á fimm árum fer úr sínu venjubundna starfi og ákveði að ganga með fyrir aðrar konur - nokkrum sinnum. Hún er huganlega meðvituð um velgjörðarákvæðið en þóknun fyrir vinnutap og mögulegar undirborðsgreiðslur tryggja ríkulega þóknun, jafnvel þó svo viðkomandi lendi í því að greiða sekt fyrir að hafa þegið greiðslu. Það sem ég vil benda á er að hófleg sekt er engin hindrun. Þegar þessi mynd er dregin upp verður að hafa í huga að gríðarlega sterkur hvati rekur þetta áfram (ekki ólíkt og verslun með fíkniefni) , bæði þeirra sem vilja barnið og hins sem vill peningana.

10.

TILLAGA sem nefnd er í þingsályktunartexta um að **huganlega megi binda skilyrði við að staðgöngumóðir sé náinn ættingi eða vinkona til að fyrirbyggja misnotkun lagana.** Hún er athyglisverð fyrir það að hún er töluvert “íslensk” og gæti tryggt eðlilegt aðhald án mikilla afskipta ríkis og stofnana. Ég set mig alls ekki á móti henni. Hún gæti tryggt að um raunverulega velgjörð sé að ræða, fyrir utan það mikilvægasta – að tryggja velferð barnsins ef eitthvað fer úrskaiðis t.d. skilnaður eða andlát. Einnig sá dýrmæti möguleiki að staðgöngumóðirin geti fylgst með barninu. Sé þessi leið valin þarf hinsvegar að hafa í huga að margar konur og þör hafa alls ekki aðgang að slíku velgjörðarfólki, jafnvel fæstir. Það getur valdið óánægju og undið upp á sig.

11.

ENDURSKOÐUNARÁKVÆÐI eftir 2-5 ár finnst mér áhugaverð tillaga sem getur róað þá sem óttast að þessi lög verði til tjóns þar meðtalið mig sjálfan. Endurskoðun að auki eftir 10-15 ár er jafnvel enn áhugaverðari því það tekur tíma fyrir ágalla að koma í ljós.

Alþingi, nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

13. nóvember 2015

Efni: Umsögn Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál, þskj. 245.

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 23. október 2015 þar sem kirkjunni er boðið að gefa velferðarsviði Alþingis umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál, þskj. 245. Kirkjan þakkar nefndinni fyrir boðið og vill nota tækifærið og koma eftirfarandi atriðum varðandi frumvarpsdrögin á framfæri.

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía leggur áherslu á að:

- Staðgöngumæðrun er afar flókið málefni, hvort heldur er frá siðfræðilegu sjónarhorni, læknisfræðilegu- eða félagslegu.
- Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er ekki leyfð í nágrannalöndum okkar sem við berum okkur helst saman við og afar takmörkuð reynsla liggur fyrir. Það orkar tvímælis að í eins litlu samfélagi og Ísland er, yrði staðgöngumæðrun lögleidd án þess að fyrir liggi reynsla af langtíma áhrifum slíkra úrræða á nærsamfélagið.
- Það eru forréttindi að eignast barn en ekki mannréttindi. Undirliggjandi lögleiðingu staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni virðist vera einhverskonar mannréttindahugsjón fyrir þá sem geta ekki sjálfir eignast barn, en án virðingar við líkama kvenna sem hér væru í raun *notaðir* löglega til undaneldis.
- Of mörg börn í heiminum, og jafnvel á Íslandi, eru án foreldra, nærtækara væri að mæta þörfum þeirra barna.
- Frumvarpið fjallar ekki um og tryggir ekki réttindi þeirra barna sem staðgöngumóðirin á fyrir.
- Frumvarpið í núverandi mynd er háð ýmsum vanköntum og er því varla nothæft.

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía óskar jafnframt eftir því við nefndina að fá að koma á fund hennar og lýsa sjónarmiðum sínum frekar.

I. Staðgöngumæðrun er afar flókið málefni

Hvítasunnukirkjan Fíladelfía hefur kynnt sér afstöðu ýmissa fagaðila og umsagnir þeirra á fyrri stigum, þ.á m. landlæknisembættisins og er sammála þessum aðilum að ótímabært sé að huga að lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Málið er afar flókið hvort heldur litið er á það frá siðfræðilegu sjónarhorni, læknisfræðilegu- eða félagslegu. Þannig er ófyrirséð hverjar langtímaafleiðingar verða fyrir fjölskyldur, bæði staðgöngumóðurinnar sem og þeirra sem taka barn staðgöngumóðurinnar að sér.

II. Ísland ætti ekki að verða brautryðjandi á þessu sviði

Í mörgum málum er frábært að sjá Ísland taka skref á undan öðrum þjóðum og ryðja brautina, s.s. í hinum ýmsu jafnréttismálum. Þegar kemur að málefnum staðgöngumæðrunar telur kirkjan þó engin rök standa til þess að Ísland og Íslendingar ryðji brautina fyrir aðrar Norðurlandþjóðir og nágrannþjóðir. Ísland er lítið samfélag þar sem algengt er að „allir þekki alla“. Þau viðkvæmu álitafni sem upp geta komið í tengslum við staðgöngumæðrun kunna því að hafa alvarlegri afleiðingar fyrir hlutfallslega stærri hóp en í nágrannaríkjum. Hafa verður í huga að í litlu samfélagi eins og Íslandi er erfiðara fyrir einstaklinga að losna undan smásjá nágranna sinna, fjölskyldu og vana og

jafnvel fjölmiðla og því geta félagsleg vandamál orðið afar þyngjandi fyrir þá einstaklinga sem taka þátt í ferlinu.

Að Ísland verði brautryðjandi á þessu sviði felur í sér fórnarkostnað fyrir einstaklinga þegar takast þarf á við þau vandamál og þau „göt“ í lögunum sem löggjafinn hefur ekki að fullu fyrir séð. Lögleiðing staðgöngumæðrunar er sérstaklega varasöm í ljósi umsagna fagaðila sem lagst hafa gegn henni að svo búnu máli og tekur Hvítasunnukirkjan Fíladelfía heilsar undir þá afstöðu.

III. Forréttindi eða mannréttindi?

Ein af erfiðum staðreyndum lífsins er sú að ekki eru allir líkamlega færir um að eignast börn. Að geta ekki eignast barn getur tekið mikið á andlega og félagslega. Kirkjan þekkir þetta, en oft leitar fólk til hennar vegna trúarinnar þegar vandamál steðja að og barneignir eru eitt þeirra vandamála. Þessi mál eru afar persónuleg og oft getur verið erfitt að ræða þau, jafnvel við fjölskylduna.

Í dag hefur tækninni fleygt fram og einstaklingur sem áður átti þess ekki kost að eignast börn, hefur nú verið gert það kleift með aðstoð nýrrar tækni og framþróunar í læknávisindum. Þessi þróun hefur orðið til þess að umræða hefur skapast um rétt til að eignast barn, til að eignast fjölskyldu. Slíkur réttur er að mati Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu, ekki til. Það eru ekki mannréttindi að eignast börn það eru forréttindi. Að líta svo á að það séu mannréttindi að eignast börn er varasamt því það getur leitt til þess að hagsmunum barnanna sé kastað fyrir borð. Börnin eru þannig í raun hlutgerð. Staðreynd málsins er sú að börn eru dýrmæt gjöf, í raun kraftaverk frá Guði.

Varðandi hættuna sem felst í því að líta svo á að barneignir séu mannréttindi er einnig rétt að hafa í huga að það er líffræðilega ómögulegt að eignast barn án þess að kona gangi með það (yfirléitt um 9 mánuði). Með staðgöngumæðrunar úrræði erum við sem samfélag komin ansi nálægt því að hlutgera líkama kvenna þannig að þá megi í raun *nota* til undaneldis. Hætta er á að konum verði beint eða óbeint af samfélaginu þrýst út í staðgöngumæðrun þar sem góðmennska þeirra og líkami er í raun misnotaður. Slíkt er að sjálfsögðu óásættanlegt og því leggst kirkjan gegn frumvarpinu.

IV. Ættleiðingar og börn án fjölskyldna

Í heiminum í dag eru ótal börn án foreldra, hvort sem þau eru munaðarlaus eða foreldrar þeirra hafa ekki haft tök eða löngun til þess að rækja skyldur sínar gagnvart þeim. Þetta er viðvarandi vandamál sem Hvítasunnukirkjan Fíladelfía telur mikilvægara að einblína á heldur en lögleiðingu staðgöngumæðrunar. Ættleiðingar standa í dag mörgum til boða en ekki öllum. Mikilvægt er að löggjafinn vinni markvisst að því að tryggja skilvirkni ættleiðingafærlisins sem og ýti undir það að ættleiðingar verði samfélagslega viðurkenndari tækifæri fyrir einstaklinga að eignast börn og ala þau upp. Þannig mætti mæta þörfum þeirra barna sem eiga ekki fjölskyldu sem og þeirra fjölskyldna sem hafa ekki notið þeirra forréttinda að eignast eigið barn. Stuðningur við þessa hópa og virkjun þessa úrræðis í samfélaginu ætti að vera áhersluatriði hjá löggjafanum.

V. Hagsmunir fyrri barna

Á það hefur verið bent í umsögnum til ráðuneytisins á fyrri stigum málsins, og tekur Hvítasunnukirkjan Fíladelfía undir þann málfutning að hagsmunir fyrri barna staðgöngumóðurinnar séu ekki nægilega í hafðir í huga í frumvarpinu. Þannig tekur frumvarpið ekki til réttinda þeirra barna, fjárhagslegra sem félagslega sem t.a.m. kynnu að missa móður sína í kjölfar ákvörðunar um að gerast staðgöngumóðir. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess skilyrðis lagafrumvarpsins að staðgöngumóðir hafi áður gengið með barn og líklegt verður að teljast að staðgöngumóðir muni eiga ólögráða barn/börn á þeim tíma sem hún gengur með barn sem staðgöngumóðir.

Eins og markmið laganna er orðað í dag í 1. gr. frumvarpsins segir að gætt skuli að „velferð staðgöngumóður og fjölskyldu hennar“ þó að fjölskylda hennar, þ.e. börn, njóti í raun engra sérstakra réttinda, a.m.k. er ekki að þeim gætt í frumvarpinu. Eins og frumvarpið liggur fyrir væri því heiðarlegra að tala um velferð staðgöngumóður og *maka* og jafnvel undanskilja börnin þeirra sérstaklega. Hvítasunnukirkjan Fíladelfía hvetur þó til þess að ætli löggjafinn sér að lögleiða staðgöngumæðrun þurfi að endurskoða framangreinda nálgun þannig að réttindi fyrri barna staðgöngumóðurinnar séu tryggð.

VI. Tæknilegir ágallar

Þá eru ýmsir ágallar á frumvarpinu sem Hvítasunnukirkjan telur í ljósi framangreindrar afstöðu sinnar óþarfi að fjalla um ítarlegu máli. Ákveðnir þættir frumvarpsins mættu vera skýrari og koma þarf betur í veg fyrir vandamál tengd aðstæðum þar sem t.a.m. hvorki staðgöngumóðir né foreldrar barnsins vilja taka við barninu, en hér eru hagsmunir barnsins ekki nægilega tryggðir og óásættanlegt að barn þurfi að „bera skaðann“ sem af slíku kynni að hljótast. Tryggja þarf uppeldis- og fjárhagslegt öryggi fyrri barna ef þau yrðu móðurlaus í kjölfar staðgöngumæðrunar. Þá þurfa að vera skýrar reglur um hæfisskilyrði og vanhæfi heilbrigðisstarfsmanna sem nátengdir eru þeim aðilum sem í ferlið fara. Einnig þarf að skoða sérstaklega kostnaðarþætti á bak við frumvarpið, en vinna þeirrar nefndar sem frumvarpið gerir ráð fyrir virðist verulega vanáætlaður. Mikilvægt er að fari fram mat á því hvort þjóðfélagslegir hagsmunir réttlæti greiðslu skattfés í slíka nefnd eða eftir atvikum til úrlausnar þeirra fjölmörgu vandamála og ágreinings sem upp gætu komið í tengslum við ferlið í heild sinni.

VII. Samantekt

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það álit Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu að hvíla ætti þetta málefni um staðgöngumæðrun. Þó að tækniframfarir innan heilbrigðisþjónustunnar bjóði upp á ný tækifæri er óþarfi að lögleiða alltaf það sem tækninni gerir okkur kleift. Stundum er betra að leyfa málum sem þessum að hvíla lengur og einbeita sér að því að leysa þau önnur vandamál sem í þjóðfélaginu eru m.a. að mæta þörfum þeirra foreldralausu barna sem víða er að finna.

Í þessu samhengi telur Hvítasunnukirkjan Fíladelfía rétt að skora á yfirvöld að beita sér jafnframt fyrir því að skapa úrræði fyrir þær konur sem vilja ekki fara í fóstureyðingu en sjá sér ekki fært að ala upp barn. Úrræði slíkra einstaklinga er af skornum skammti og því miður virðist það algengt að félagsleg vandamál þrýsta konum í fóstureyðingar, þrátt fyrir að þær myndu helst vilja sjá barn sitt vaxa úr grasi, jafnvel hjá öðrum uppalendum. Hér þarf skilvirkara ættleiðingafæri og opnari umræðu um þessi annars viðkvæmu tilfinningamál, þannig að hagsmunir barnanna séu ávallt í fyrirrúmi sem og hagsmunir kvenna og réttindi þeirra.

Virðingarfyllst, f.h. Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu





Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 16.11.2015
1510102 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Jafnréttisstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis frá 23. október 2015, þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál, þskj. 245, lþ. 145. Jafnréttisstofa þakkar fyrir tækifæri til að senda inn umsögn um frumvarpið, en vegna anna fékk Jafnréttisstofa frest til að senda inn umsögn sína.

Jafnréttisstofa hefur áður sent frá sér umsagnir sem tengjast málinu, bæði til Alþingis vegna þingsályktunartillagna, og til velferðarráðuneytis, ásamt því að svara ýmsum spurningum frá starfshópi sem samdi frumvarpið. Í þeim umsögnum hefur Jafnréttisstofa velt upp ýmsum spurningum og sett ýmsa fyrirvara varðandi það hvort leyfa eigi staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir hefur verið tekið á ýmsum af þeim athugasemdum og álitafnum sem fram hafa komið. Þrátt fyrir það standa eftir mörg álitamál, siðferðileg, lækisfræðileg og félagsleg, eins og réttilega kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Almennar athugasemdir:

Ef staðgöngumæðrun yrði leyfð í einhverri mynd er hætt á að verið sé að markaðsvæða líkama og líf kvenna og barna, en líkami og líf fólks er ekki markaðsvara. Hætta er á að konur verði fyrir félagslegum þrýstingi frá ættingjum/vinum til þess að taka að sér að gera það góðverk að ganga með og fæða barn fyrir aðra. Frelsi konu yfir eigin líkama og frelsi konu yfir eigin lífi, taki hún að sér slíkt „verkefni“ er skert og skilyrt skv. ákvæðum í því frumvarpi sem fyrir liggur og yrði það jafnvel enn frekar í þeirri viljayfirlýsingu sem gert er ráð fyrir að liggi til grundvallar staðgöngumæðrun., sbr. 16. gr. frumvarpsins.

Norðurlöndin hafa ekki sett lög sem leyfa staðgöngumæðrun og það er hvergi krafa í alþjóðlegum samningum um að setja slíkar reglur. Í greinargerðinni með frumvarpinu, bls. 42, kemur fram að í Noregi verði beðið niðurstöðu Haag stofnunarinnar um alþjóðlegan einkamálarétt áður en tekin verði frekari afstaða til nýrrar heildarlöggjafar um foreldrastöðu barna sem alin eru af staðgöngumóður. Ljóst er að skapast geta flóknar aðstæður vegna staðgöngumæðrunar yfir landamæri sem erfitt, jafnvel ómögulegt getur verið að stemma stigu við eða setja reglur um, sem hægt er að framfylgja. Í greinargerðinni með frumvarpinu er töluvert fjallað um það hve vandasöm



Jafnréttisstofa

mál geta orðið til vegna staðgöngumæðrunar yfir landamæri og vísar Jafnréttisstofa til þeirrar umfjöllunar um þetta atriði.

Athugasemdir um 26. gr.:

Jafnréttisstofa fær ekki séð annað en að með frumvarpinu, yrði það að lögum, opnast í raun sá möguleiki að leita í auknum mæli út fyrir landsteinana til að fá (jafnvel kaupa) þjónustu staðgöngumóður. Vart er hægt að skilja 26. gr. á annan veg en þann að það verði raunverulegur kostur að verða sér úti um þjónustu/velgjörðargerning staðgöngumóður erlendis. Þar segir berum orðum að eitt af verkefnum nefndar um staðgöngumæðrun sé að taka ákvörðun um foreldrastöðu barns sem fætt er samkvæmt erlendum lögum um staðgöngumæðrun. Þannig eykst hætta á því að ýtt verði undir staðgöngumæðrun annars staðar þar sem ekki er tryggt að lög og reglur séu í samræmi við það sem væri löglegt hér á landi. Þekkt er, ekki síst frá Indlandi, að þær konur sem taka að sér að vera staðgöngumæður eru fjárhagslega og/eða félagslega í viðkvæmri stöðu og gera þetta gegn gjaldi, sem efnameira fólk er tilbúið að greiða til að uppfylla sína drauma og þrár. Valdaójafnvægi getur þá verið/skapast milli aðila og flókin og erfið tilfinningaleg og líffræðileg sambönd myndast sem erfitt getur orðið að vinna úr.

Athugasemdir um 33. gr.:

Ekki er ljóst hvernig eftirliti með því að erlend löggjöf uppfylli skilyrði laganna yrði háttað. Í 33. gr. frumvarpsins segir einfaldlega að það sé óheimilt að nýta sér staðgöngumæðrun erlendis sem ekki uppfyllir skilyrði laganna, en ekkert er kveðið á um eftirlit. Kæmi slík staða upp þyrfti jafnframt að meta hana í ljósi þeirrar grunnreglu í íslenskum rétti að hafa alltaf hagsmuni barns að leiðarljósi. Ólíklegt er að það yrði metið sem hagsmunir barns að vera sent í burtu eftir að hafa verið með „foreldrum“ sínum hér á landi. Því er hægt að halda því fram að með því að lögfesta frumvarp þetta sé í raun opnað á þann möguleika að nýta sér staðgöngumæðrun erlendis (nánast) óhindrað. Jafnréttisstofa hefur áður bent á að sektarákvæði það sem lagt er til hafi tæplega þann fælingarmátt sem stefnt er að með því, sjá meðfylgjandi afrit af bréfi Jafnréttisstofu til velferðarráðuneytis, dags. 2. desember 2014.

Athugasemdir um atriði í XI. kafla í greinargerð:

Í greinargerðinni með frumvarpinu, bls. 48, er vísað til jafnréttislaga nr. 10/2008 að því er virðist og frumvarpið talinn liður í því að stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna og jafna möguleika einstaklinga til að þroska hæfileika sína óháð kyni. Jafnréttisstofa bendir á að möguleikinn á að eignast barn með aðstoð konu sem tekur að sér það hlutverk að ganga með barn fyrir væntanlega foreldra, snúist ekki um jafnrétti kynjanna. Það er ekki réttur fólks, hvorki kvenna né karla, að eignast börn, hvaða tæknilegar leiðir sem notaðar eru til þess að aðstoða við það, sé þess þörf. Horfa þarf til stöðu þeirra konu sem tekur að sér að vera staðgöngumóðir, og það er ljóst að það verður alltaf kona. Er hún jafnsett væntanlegum foreldrum? Er það sjálfsagt að kona láni afnot af líkama sínum í níu mánuði ef svo má að orði komast til að jafna meintan rétt eða jafna stöðu kynjanna til að geta eignast barn? Jafnréttisstofa telur ekki hægt að líta á staðgöngumæðrun með þessum hætti. Sú kona sem myndi taka að sér hlutverk staðgöngumóður er sett í eða fer í það hlutverk að veita öðrum þjónustu sem felst í að



Jafnréttisstofa

veita afnot af líkama sínum með öllu sem því fylgir. Staða aðila er því tæpast sú sama og ítrekað að hætta getur skapast á þrýstingi gangvart konum til að taka þetta að sér. Rétt er að ítreka það að það er ekki talið til mannréttinda að eignast barn.

Jafnréttisstofa telur að ekki sé fyrir hendi sú samfélagslega sátt sem lagt var upp með að þyrfti að nást áður en lög um staðgöngumæðrun yrðu sett. Of mörgum álitamálum er ósvarað. Ekki eru fyrir hendi skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum um að setja regluverk um staðgöngumæðrun og Norðurlöndin hafa ekki gert það.

Eftir að hafa farið yfir frumvarpið og greinargerðina með því, og með vísan til þess sem hér hefur verið rakið þá er það niðurstaða Jafnréttisstofu að leggjast gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Sé óskað frekari upplýsinga eða athugasemda þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur

Meðfylgjandi:

Afrit af bréfi Jafnréttisstofu til velferðarráðuneytis, dags. 2. desember 2014.



Jafnréttisstofa

AFRIT

Velferðarráðuneyti

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Akureyri, 2. desember 2014
1411038 IE

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Í nóvember 2014 voru drög að frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni birt á heimasíðu velferðarráðuneytisins. Óskað var eftir umsögnum um frumvarpsdrögin eigi síðar en 2. desember 2014.

Jafnréttisstofa hefur farið yfir frumvarpsdrögin og vill koma eftirfarandi athugasemdum og vangaveltum á framfæri. Það athugast að Jafnréttisstofa áskilur sér allan rétt til að gera frekari athugasemdir og koma með ábendingar á síðari stigum, hvort sem það væri til ráðuneytisins eða til Alþingis, verði frumvarpið lagt þar fram.

Jafnréttisstofa hefur áður sent ýmsar athugasemdir til starfshópsins sem samdi frumvarpsdrögin. Einnig hefur Jafnréttisstofa áður sent umsagnir í tengslum við þingsályktunartillögur sem mælti fyrir um samningu frumvarpsdraganna. Vísað er til þessara gagna áfram. Rétt er að taka það fram að frumvarpsdrögin eru um margt ítarleg og reynt að taka á sem flestu sem mögulega gæti komið upp. Jafnréttisstofa setur hér fyrst og fremst fram ýmsar spurningar sem þarf að velja upp, ræða og svara.

Almennt er það um staðgöngumæðrun að segja að Jafnréttisstofa er ekki að svo stöddu viss um að almenn samfélagsleg sátt sé um að lögfesta þetta úrræði við barnleysi. Ýmsum spurningum er enn ósvarað og Jafnréttisstofa ítrekar nauðsyn þess að stíga varlega til jarðar í þessum efnum.

Um 4. mgr. 3. gr. Skilgreining á væntanlegum foreldrum. Þeir skuldbinda sig til að sækja um yfirfærslu á foreldrastöðu. Hvað þýðir það að foreldrar skuldbindi sig? Hvenær gera þeir það og hvernig? Er um samning milli þeirra og staðgöngumóður að ræða þar sem þetta kemur fram? Ef svo er hvað réttaráhrif hefur hefur slík skuldbinding, ef nokkur?

Um 5. mgr. 3. gr. Skilgreining á velgjörðarskyni. Það er snúið að lögfesta reglur um svokallaða velgjörð. Hvernig er hægt að tryggja ákveðna huglæga afstöðu, sem er skilyrði fyrir því að heimilt sé að leggja af stað í það ferli sem í frumvarpsdrögunum er lýst? Á sama stað í frumvarpinu er talað um endurgreiðslu á kostnaði. Hvernig á að tryggja að ekki skapist verð fyrir það að ganga með barn fyrir fólk?

AFRIT



Jafnréttisstofa

4. gr. Könnun á högum, m.a. fjárhagsstöðu. Hver eru viðmiðin? Gilda sömu viðmið um fjárhagsstöðu staðgöngumóður og væntanlegra foreldra? Ætti að gera kröfu um sambærilega fjárhagslega stöðu? Gæti slíkt verið liður í því að tryggja stöðu staðgöngumóður betur?

1. mgr. 7. gr. Hvaða sérþekking er það sem á að gæta að nefndarfólk hafi? Það segir að gæta skuli að því að nefndarfólk hafi sérþekkingu á þeim málefnum sem nefndin fjallar um. Verður þessu lýst eitthvað nánar í greinargerð? Hvað með upplýsingar um ýmis álitamál tengd notkun á líkama kvenna, viðskiptavæðingu barneigna o.þ.u.l.? Verður tryggt að staðgöngumóðir og verðandi foreldrar fái upplýsingar bæði um kosti en einnig galla þess að leggja af stað út í þetta ferli? Það verður að gæta þess að skilgreina ekki of þröngt þá sérþekkingu sem nefndarfólk þarf að hafa. Jafnréttisstofa minnir jafnframt á 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar segir að kynjahlutfall í nefndum, ráðum og stjórnnum hins opinbera eigi að vera sem jafnast og aldrei minna en 40% séu fulltrúar fleiri en þrír.

2. mgr. 7. gr. Samkvæmt ákvæðinu er nefndinni skylt að tryggja faglega ráðgjöf til þeirra sem sækja um staðgöngumæðrun. Hvernig á að gera þetta? Hver greiðir kostnað af þessu?

2. mgr. 7. gr. Fram kemur að nefndin úrskurði um foreldrastöðu barns sem fæðist í samræmi við erlend lög um staðgöngumæðrun. Jafnréttisstofa setur fyrirvara við að opna á þennan möguleika með þessum hætti. Lög erlendis um staðgöngumæðrun eru misjöfn. Hvað með lönd eins og Indland þar sem staðgöngumæðrun tilkast ekki aðeins í velgjörðarskyni? Vilja stjórnvöld á Íslandi setja í lög ákvæði sem geta jafnvel ýtt undir misnotkun á þágrí stöðu kvenna erlendis? Hvernig á það að vera tryggt að ekki sé réttur brotinn á þeim konum sem ganga með barn erlendis? Geta íslensk stjórnvöld hugsað sér að setja lagareglur sem hugsanlega ýta undir verslun með líkama kvenna og jafnvel með börn? Jafnréttisstofa telur ástæðu til að endurskoða þetta ákvæði og jafnvel fella það burt úr frumvarpsdrögum verði þau lögð fyrir Alþingi. Sjá umfjöllun hér á eftir um 32. gr. en allt er óljóst um að sú grein nái að girða fyrir þann möguleika að semja við staðgöngumóður erlendis.

13. gr. Í þessar grein er aftur fjallað um skyldu nefndarinnar til að tryggja umsækjendum ráðgjöf á ýmsum sviðum. Aftur er spurt hvernig eigi að greiða kostnað af ráðgjöfinni, hversu umfangsmikil þarf hún að vera til þess að geta leitt til heimildar til að fara af stað í þessa vegferð?

15. gr. Í þessari grein er fjallað um samþykki til staðgöngumæðrunar. Umsækjendum þarf að vera leiðbeint um réttaráhrif samþykkisins. Hver eru þau? Felur það í sér skuldbindingu sem hægt er að knýja fram efndir á fyrir dómi? Ef svo er það þýðir það þá? Er þá um að ræða venjulegan viðskiptagerning?

16. gr. Hér er fjallað um gagnkvæma viljayfirlýsingu. Hver eru réttaráhrif þessarar viljayfirlýsingar, ef nokkur? Hvað ef einhver aðila að yfirlýsingunni fer ekki eftir henni? Spurningar vakna um eðli þessarar yfirlýsingar, hún hefur einkenni viðskiptasamnings a.m.k. að einhverju leyti.



AFRIT

Jafnréttisstofa

17. gr. Um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar. Verður eitthvert þak sett á mögulegan útlagðan kostnað? Hvað er hæfilegur útlagður kostnaður? Hver metur það? Hér gætu verðandi foreldrar fundið sig í erfiðri stöðu, yrðu þeir krafdir um greiðslur fyrir hinu og þessu. Einnig getur skapast freisting, jafnvel hættu á því að verð myndist á staðgöngumæðrun eða fólk sem óskar að fara þessa leið býður greiðslur til hugsanlegrar staðgöngumóður. Jafnréttisstofa telur að erfitt geti orðið að fylgja því eftir að ekki sé farið gegn þessu ákvæði.


25. gr. Í þessari grein er aftur fjallað um barn sem fæðist erlendis, sbr. 2. mgr. 7. gr. Í 3. mgr. 25. gr. er vísað til þess að nefndin synji um staðfestingu gangi hin erlenda ákvörðun um foreldrastöðu í berhögg við grunnreglur íslensks réttar. Hvað felur þetta í sér? Grunnregla íslensks barnaréttar er sú að alltaf skuli hafa hagsmuni barns að leiðarljósi. Erfitt er að sjá fyrir sér að það væru hagsmunir barns að vera sent í burtu frá foreldrum sínum hér á landi, þ.e. foreldrunum sem fengu barnið í gegnum staðgöngumóður erlendis. Greinin virðist fela það í sér að erlendar ákvarðanir á þessu sviði verði samþykktar. Hér vísar Jafnréttisstofa einnig til athugasemdanna við 2. mgr. 7. gr.

31. gr. Í greininni kemur fram að bannað sé að hafa milligöngu um staðgöngumæðrun. Hvernig á að tryggja að ekki komi fram miðlarar á þessu sviði? Í 33. gr. segir að sekt fyrir að brjóta gegn bannákvæðum frumvarpsdraganna sé kr. 500.000. Þessi sektarfjárhæð er tæplega nógu há til þess að hafa þau fráfælingaráhrif sem að er stefnt.

32. gr. Hér kemur fram að bannað sé að nýta sér staðgöngumæðrun erlendis sem ekki uppfylli skilyrði laganna. Sect fyrir að brjóta gegn þessu ákvæði er kr. 500.000. Þessi sektarfjárhæð er tæplega nógu há til þess að hafa þau fráfælingaráhrif sem að er stefnt. Sjá einnig umfjöllun um 25. gr. í þessu samhengi, en sú grein getur leitt til þess að einhverjir láti sig hafa það að greiða hugsanlega sekt í trausti þess að barn verði ekki sent í burtu, sé það komið með þeim til landsins.

Sé óskað frekari upplýsinga eða athugasemda vinsamlegast hafði þá samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,


Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur

16.11.2015

Umsögn um Þingskjal 245 — 229. mál. Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. (Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.

Í *Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni*, er markmiði lagasetningarinnar lýst með eftirfarandi hætti:

“Leitast er við að setja staðgöngumæðrun skýran ramma þannig að hún sé eingöngu heimiluð í velgjörðarskyni, barni sé tryggður réttur til að þekkja uppruna sinn og ekki verði haggð við þeirri grunnskilgreiningu laga að sú kona sem elur barn teljist móðir þess. Tilgangur frumvarpsins er að stuðla að vandaðri framkvæmd staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni þar sem fyrst og fremst skal tryggja hag og réttindi barnsins sem fæðist eftir staðgöngumæðrun, rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, og farsæla aðkomu hinna væntanlegu foreldra.” (<http://www.althingi.is/altext/145/s/0245.html>).

Sé horft til reynslu ríkja sem hafa nú þegar samþykkt hliðstæð lög munu þessi markmið ekki nást. Reynslan leiðir í ljós að lagasetning um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, með svipuðum hætti og hér er stefnt að, hefur í reynd aukið ásókn í staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni.

Lög sem leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni eru takmarkandi um hverjir geti nýtt sér þau og hvaða konur teljist heppilegar staðgöngumæður. Þá sýnir það sig þegar á reynir að það eru ekki margar konur sem uppfylla skilyrði laga og eru tilbúnar að gerast staðgöngumæður. Margt bendir til þess að lagasetning um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni geri staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni löglega í hugum fólks og athöfnina venjulega aðgerð gegn barnleysi. Þetta endurspeglast í að samfara lagasetningu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni í öðrum löndum hefur ásókn í þjónustu staðgöngumæðra í löndum sem leyfa hana í hagnaðarskyni stórlega aukist. Á það sérstaklega við um ríki þar sem slík þjónusta er hlutfallslega ódýr. Því er ljóst að lögin leysa ekki úr vanda þeirra kvenna (og barna) sem leita sér þjónustu í þessum löndum

Þá má bæta við að mikill skortur er á rannsóknum á flestu af því sem viðkemur staðgöngumæðrun, og þær rannsóknir sem til eru einkennast af aðferðafræðilegum takmörkunum. Lagasetning um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er því ekki tímabær á Íslandi.

Jónína Einarsdóttir
Professor of Anthropology,
University of Iceland,
Gimli, IS-101, Reykjavík, Iceland
Phone: +354-5254308 /+354 -5520360
Mobile: +354-8204360

Hallveigarstöðum, Reykjavík
17. nóvember 2015

Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, þingskjal 245 – 229. mál

Kvenréttindafélag Íslands skilaði inn umsögn þann 8. febrúar 2011 um þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun, þskj. 376 – 310. mál. Þar ályktaði Kvenréttindafélagið að lagafrumvarpið væri ótímabært, að umræða í samfélaginu væri enn á frumstigi, og að veigamikil siðferðisleg rök væru gegn því að heimila staðgöngumæðrun, hvort sem er í velgjörðarskyni eða hagnaðarskyni.

Erfiðar siðferðislegar spurningar vakna í umræðunni um staðgöngumæðrun og siðfræðingar eins og Sólveig Anna Bóasdóttir hafa bent á að rétti kvenna yfir eigin líkama sé stefnt í hættu með því að festa staðgöngumæðrun í lög. Ástríður Stefánsdóttir læknir og siðfræðingur tekur í sama streng, og hefur einnig minnt á það að staðgöngumæðrun hafi tilhneigingu til að markaðsvæðast þar sem hún er heimiluð. Ástríður hefur einnig minnt á að Ísland hefur um áratuga skeið verið í samfloti með Norðurlöndum í flestum veigamiklum málefnum og að ekkert Norðurlandanna hafi séð ástæðu til þess að heimila staðgöngumæðrun, og í Finnlandi sé staðgöngumæðrun beinlínis bönnuð.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands telur að staðgöngumæðrun ætti ekki að lögfesta hér á landi. Umræðan um staðgöngumæðrun snýst að talsverðu leyti um réttindi fólks til að verða foreldri. Stjórn Kvenréttindafélagsins lítur á það sem forréttindi að eignast börn en ekki mannréttindi. Hvetur Kvenréttindafélagið til þess að stjórnarsýslan beiti sér fyrir því að ættleiðingafærið hér á landi verði gert mun skilvirkara en nú er, gert gagnsætt og einfaldað; að frumættleiðingar verði aðgengilegur valkostur fyrir fólk sem vill verða foreldrar.

Að þessu sögðu, þá skilum við hér með athugasemdum við frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, sem lagt er fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.

6. grein: Nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Í 6. grein er gert ráð fyrir að nefnd skipuð af ráðherra skuli veita leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni.

Stjórn Kvenréttindafélagsins veltir fyrir sér hvort ekki væri heppilegt að setja mörk á skipunartíma nefndarmanna í nefnd sem fjallar um svo viðkvæm mál sem staðgöngumæðrun er.

8. grein: Skilyrði er varða staðgöngumóður og maka hennar

2. liður 8. greinar

Í 2. lið 8. greinar er kveðið á að staðgöngumóðir eigi lögheimili hér á landi og hafi haft samfellda, löglega dvöl hér á landi síðustu fimm árin fyrir umsókn og hafi búsetuleyfi eða aðra heimild til varanlegar dvalar. Nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands mótmælir harðlega að nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni sé gert heimilt að víkja frá þessu skilyrði. Við teljum þetta leyfi til undantekninga auka líkurnar á því að konur í viðkvæmri stöðu séu fluttar til Íslands til þess eins að ganga með börn fyrir Íslendinga. Við veltum einnig fyrir okkur hvort þetta leyfi til undantekninga opni einnig á þann möguleika að fólk leiti út fyrir landsteinana og kaupi börn af konum, og fái leyfi hjá nefndinni eftir á.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands mælir einnig með að þessari grein verði breytt á þann veg að tryggt sé að staðgöngumóðir sé sjúkratryggð hér á landi.

4. liður 8. greinar

Í 4. lið 8. greinar er fjallað um tengsl staðgöngumóður og maka hennar við verðandi foreldra. Lagt er til að staðgöngumóðir og maki hennar megi ekki vera systir eða bróðir eða skyld í beinan legg því væntanlega foreldri sem leggur til kynfrumu.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands leggur til að þessi grein verði víkkuð út svo að skyldleiki í beinan legg megi hvorki vera milli staðgöngumóður né maka hennar við báða verðandi foreldra.

Stjórn Kvenréttindafélagsins hefur áhyggjur af því að fjölskylduþrýstingur geti haft áhrif á ákvörðun kvenna um að ganga með börn fyrir aðra, og gildir þá einu hvort skyldleiki sé á milli staðgöngumóður og kynfrumugjafa eða við maka kynfrumugjafa.

Einnig hefur stjórn Kvenréttindafélagsins áhyggjur af því að fjölskyldutengsl, hvort sem er skyldleiki við kynfrumugjafa eða maka kynfrumugjafa, geti haft óeðlileg áhrif á ákvörðun staðgöngumóður eftir fæðingu, um það hvort hún vilji gefa frá sér barnið eður ei.

Stjórn Kvenréttindafélagsins bendir á að þau stundum flóknu bönd sem tengja fjölskyldur saman verði enn flóknari þegar staðgöngumæðrun á sér stað innan fjölskyldu, og gildir þá einu hvort staðgöngumóðir sé skyld kynfrumugjafa eða maka kynfrumugjafa.

8. og 9. liður 8. greinar

Í 8. lið og 9. lið 8. greinar er gert ráð fyrir að a.m.k. tvö ár hafi liðið frá fæðingu barns staðgöngumóður og að ef staðgöngumóðir hafi misst barn séu a.m.k. tvö ár liðin frá andláti barnsins.

Að mati stjórnar Kvenréttindafélagsins þarf að skýra viðmið þessarar tímasetningar. Er átt við tvö ár áður en umsókn er lögð fram um staðgöngumæðrun til nefndar um staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni? Eða tvö ár áður en staðgöngumóðir gengur undir glasafrjóvgun fyrir verðandi foreldra? Eða tvö ár áður en staðgöngumóðir fæðir skipulagt barn? Stjórn Kvenréttindafélagsins álitur að tímaviðmiðið eigi að vera tvö ár hið minnsta frá fæðingu og/eða andláti barns þar til umsókn er lögð fram um staðgöngumæðrun.

9. grein: Skilyrði er varða væntanlega foreldra

Í 9. grein er gert ráð fyrir að einhleypir geti fengið leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni ef „sérstaklega stendur á“.

Stjórn Kvenréttindafélags þykir þessi grein afar óljóst orðuð og veltir fyrir sér hvort hægt sé að skilgreina betur hvenær einhleypir geta fengið leyfi til staðgöngumæðrunar og hvenær ekki. Af hverju er gerður munur á milli para og einhleypa einstaklinga til staðgöngumæðrunar? Stjórn Kvenréttindafélagsins sér ekki ástæðu til að önnur skilyrði gildi um einhleypa einstaklinga en pör í þessu samhengi.

Þá veltir stjórn Kvenréttindafélagsins fyrir sér hvort sömu tímatakörk eigi að gilda um hversu lengi verðandi foreldri þarf að hafa verið einhleyp og þau sem gilda um hve lengi verðandi foreldrar hafi verið í hjúskap. Í greininni eru sett skilyrði um að verðandi foreldrar skuli hafa búið saman í a.m.k. þrjú ár til að mega sækja um að kona gangi með barn fyrir þau. Engin slík tímatakörk eru sett á einstaklinga, sem gæti t.d. opnað þann möguleika að þar komist undan þriggja ára reglunni með því að sækja um sem einstaklingur. Stjórn Kvenréttindafélagsins leggur til að sama viðmið verði haft um hjúskaparstöðu einhleypa eins og para, þ.e. að ef einhleypur einstaklingur ætlar að sækja um að kona gangi með barn fyrir hann þá verði hann að hafa verið einhleypur þrjú ár hið minnsta.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands mælir einnig með að þessari grein verði breytt til að setja þau skilyrði á verðandi foreldra að þeir séu sjúkratryggðir hér á landi.

13. grein: Ráðgjöf

Í 13. grein er gert ráð fyrir því að nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni skuli sjá til þess að umsækjendur fái viðtæka ráðgjöf og upplýsingar um þau læknisfræðilegu, lögfræðilegu, siðferðilegu, félagslegu og önnur áhrif sem staðgöngumæðrun kann að hafa.

Stjórn Kvenréttindafélagsins leggur þunga áherslu á að verðandi foreldrar og staðgöngumóðir njóti ekki ráðgjafar á sama tíma og hjá sama aðila. Staðgöngumóðir og verðandi foreldrar skulu hafa eigin ráðgjafa sem bera hag skjólstæðinga sinna fyrir brjósti. Þetta verður að mati stjórnar Kvenréttindafélagsins að vera skýrt í lögunum.

Í greininni er umsækjendum er kveðið á um að skylt sé að hitta ráðgjafa tvisvar meðan á tæknifrjóvgunarmeðferð og meðgöngu staðgöngumóður stendur og einu sinni eftir fæðingu barns. Stjórn Kvenréttindafélagsins hvetur til þess að staðgöngumóður sé að auki sérstaklega tryggð lagaleg ráðgjöf, á öllum stigum ferlisins, til viðbótar við félagslega ráðgjöf.

16. grein: Gagnkvæm viljayfirlýsing

Í 16. grein er talað um gagnkvæma viljayfirlýsingu milli staðgöngumóður og verðandi foreldra.

Stjórn Kvenréttindafélagsins veltir fyrir sér hvort nefndin og/eða skipaðir ráðgjafar muni aðstoða viðkomandi aðila við að semja og skrifa undir viljayfirlýsinguna. Félagið óttast að þrýstingur fjölskyldunnar geti haft óeðlileg áhrif á verðandi staðgöngumóður og telur eðlilegt að henni verði útvegaður lögfræðileg aðstoð að kostnaðarlausu, lagalegur ráðgjafi til að styðja hana í gegnum þetta ferli. Lögin yrðu þá að kveða á um hvaðan fjármagn til þeirrar ráðgjafar kæmi.

17. grein: Heimild til endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni

Kvenréttindafélagið benti í umsögn sinni dagsettri 11. febrúar 2011 um þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun þskj. 376 – 310. mál á umfjöllun Ástríðar Stefánsdóttur læknis og siðfræðings um staðgöngumæðrun. Ástríður skrifaði grein í Fréttablaðið 29. janúar 2011 þar sem hún bendir á að staðgöngumæðrun hafi tilhneigingu til að markaðsvæðast þar sem hún hefur verið heimiluð.

Konur eru ekki markaðsvara, og meðganga er ekki þjónusta.

Erfitt er að sjá hvernig hægt er að koma í veg fyrir markaðsvæðingu staðgöngumæðrunar ef hún verður lögfest hér á landi í velgjörðarskyni. Þetta er ein ástæða þess að stjórn Kvenréttindafélags Íslands leggst gegn lögfestingu staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni.

Að þessu sögðu, ef staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verður lögfest, telur stjórn Kvenréttindafélagsins afar mikilvægt að ströng skilyrði verði um fjárhagsleg tengsl milli móður og verðandi foreldra.

Þá er að mati stjórnar Kvenréttindafélags Íslands sjálfgefið að verðandi foreldrar greiði fyrir nauðsynlegan kostnað en þó veltir hún fyrir sér hver mun meta þennan kostnað og einnig hvaða kostnað má skilgreina sem eðlilegan kostnað.

Stjórn Kvenréttindafélagsins telur að enginn möguleiki sé í raun á að koma í veg fyrir að fólk greiði staðgöngumóður fyrir meðgönguna. Því hefur stjórnin þungar áhyggjur af að í því frumvarpi sem stendur til að leggja fyrir Alþingi séu engin ákvæði um hver skuli fylgjast með greiðslum milli verðandi foreldra og staðgöngumóður. Er það lögreglan? Landlæknir? Velferðarráðuneytið? Einhver bókhaldsskrifstofa?

Stjórn Kvenréttindafélagsins bendir að auki á að erfitt getur reynst að fylgjast með því að greiðslur fyrir meðgöngu eigi sér ekki stað, því að þóknun getur verið í ýmsu formi, sem sagt ekki aðeins í formi peningagreiðslna heldur einnig gjafa, fjárhagslegrar aðstoðar, aðstoðar til náms, aðstoðar til ferðalaga, aðstoðar í formi starfsframlags, o.s.frv.

34. grein: Refsingar

Í 34. grein er gert ráð fyrir sektum að lágmarki 500.000 kr. eða fangelsi allt að þremur árum sem viðurlög við ýmsum brotum á lögum um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Stjórn Kvenréttindafélagsins veltir fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að telja refsivert ef verðandi foreldrar þvinga aðra til að ganga með börn fyrir sig.

Einnig veltir stjórn Kvenréttindafélagsins fyrir sér hvort telja ætti refsivert ef verðandi foreldrar neita að taka við barninu þegar það er fætt.

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands fagnar því sérstaklega að viðurlög séu við því að fólk kaupi sér líkama kvenna t.d. í svokölluðum „baby factories“ í þróunarlöndum, og einnig að viðurlög séu við staðgöngumæðrun án leyfis nefndar um staðgöngumæðrun í velgjörðaskyni, við banni um staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni, og við banni við auglýsingu um staðgöngumæðrun.

Stjórn Kvenréttindafélagsins hefur þó þungar áhyggjur af því að það aukist að einstaklingar leiti út fyrir landsteinana til að nýta sér neyð kvenna í viðkvæmri stöðu í kjölfar lögfestingar á staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Það hefur sýnt sig erlendis, t.d. í Bretlandi, að í kjölfar

Lögfestingar staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni fjölgar þeim sem leita eftir staðgöngumæðrun í löndum þar sem konum í viðkvæmri stöðu er greitt til ganga með börn. Höfum við þungar áhyggjur af svipaðri þróun hér á landi, að þegar staðgöngumæðrun hefur verið samþykkt eða „normaliseruð“ af löggjafarvaldinu með setningu laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, fjölgi þeim sem leita út fyrir landsteinana til að kaupa þjónustu staðgöngumóður og komast undan þeim ströngu skilyrðum sem eru sett á staðgöngumæðrun í þessu frumvarpi til laga.

2009 skipaði heilbrigðisráðherra vinnuhóp til að skoða siðferðileg lögfræðileg og læknisfræðileg álitafni varðandi staðgöngumæðrun og hvort leyfa ætti staðgöngumæðrun hér á landi. Vinnuhópurinn skilaði lokaniðurstöðu sumarið 2010 þar sem hann taldi ekki tímabært að heimila staðgöngumæðrun. Almenn samstaða væri ekki í samfélaginu um hvort heimila ætti staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni og að reynsla annarra þjóða hefði sýnt að erfitt væri að koma í veg fyrir slíkt. Vinnuhópurinn taldi að áður en staðgöngumæðrun væri leyfð hér á landi þyrfti að ná fram samfélagslegri sátt um málið, og að ekki væri hægt að segja að slík sátt hefði náðst. Mælti hópurinn með að á Íslandi yrði fylgst með þróun mála á Norðurlöndunum og að æskilegt væri að við ættum samleið með þeim um hvort, hvenær og með hvaða takmörkunum staðgöngumæðrun yrði leyfð hér á landi.

Aðeins fimm ár eru síðan vinnuhópurinn skilaði þessari niðurstöðu og ekkert hefur breyst í almennri umræðu til að hnykkja á lokaniðurstöðu hans. Engin samstaða er um hvort og þá hvernig staðgöngumæðrun skuli leyfð hér á landi, og ekkert hinna Norðurlandanna hefur leyft staðgöngumæðrun.

Stjórn Kvenréttindafélag Íslands ítrekar andstöðu sína gagnvart þessu frumvarpi um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Við teljum þetta frumvarp ekki vera til bóta fyrir samfélagið, heldur þvert á móti. Við teljum að réttindi málsaðila, barns, staðgöngumóður og verðandi foreldra séu ekki tryggð í frumvarpinu og geti aldrei verið tryggð. Við teljum þvert á móti að ef staðgöngumæðrun sé leyfð hér á landi, hvort sem er í velgjörðarskyni eða hagnaðarskyni, sé mikil hætta á að brotið sé á réttindum málsaðila.

Við ítrekum þá afstöðu okkar að endurskoða eigi lög um ættleiðingar, til að gera einstaklingum og þörum auðveldara og ódýrara að ættleiða börn sem þurfa á foreldrum að halda.

From: Anna Björg Aradóttir
Sent: 10.11.2015 17:06:00
To: nefndasvid@althingi.is
Subject: FW: Frá nefndasviði Alþingis - 229. mál til umsagnar

Landlæknir hefur ekki athugasemdir við einstakar greinar frumvarps til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Landlæknir telur að sú þjónusta sem frumvarpið tekur til, þ.e. staðgöngumæðrun muni auka kostnað og flækjustig heilbrigðisþjónustunnar. Íslensk heilbrigðisþjónusta á við margvíslegar áskoranir að etja og það er mat landlæknis að þetta sé ekki rétt forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu í dag.

Enn fremur er bent á það að ekkert hinna norðurlandanna hefur leyft staðgöngumæðrun, sem undurspeglar þau flóknu læknisfræði-, siðfræði-, og samfélagslegu álitæfni sem við er að glíma.

Meðfylgjandi eru svör Embættis landlæknis við spurningum frá velferðarráðuneytinu er lútu að álitæfnum um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, frá árinu 2013. Embættið komst þá að þeirri niðurstöðu að innleiðing á staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni væri ekki tímabær. Að mati landlæknis er þessi afstaða óbreytt í dag.

Birgir Jakobsson, MD, PhD
Landlæknir / Director of Health
Embætti landlæknis / Directorate of Health
Barónsstíg 47, 101 Reykjavík
Sími / Tel.: +354 510 1900
Fax: +354 510 1919
<http://www.landlaeknir.is>
Netfang / email: birgir@landlaeknir.is



Velferðarráðuneytið
b.t. Krístrúnar Heimisdóttur
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. september 2013
1307206/0.1.3/dh

Efni: Samráð vegna lagafrumvarps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Með bréfi, dags. 11. júlí sl. var óskað eftir svörum við spurningum er lúta að álitaeftum um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni vegna vinnslu við lagafrumvarp. Jafnframt var gefinn kostur á að koma að almennum athugasemdum. Verksvið Embættis landlæknis er skilgreint í lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007. Svör landlæknis sem og almennar athugasemdir um málefnið taka mið af lögbundnu hlutverki og verksviði embættisins.

I

Almennar athugasemdir

Gert er ráð fyrir að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði að fullu greidd úr opinberum sjóðum. Leiða má líkur að því að ákvörðun um að greiðsla fyrir staðgöngumæðrun verði alfarið á kostnað hins opinbera sé að einhverju leyti sprottin af þeim ásetningi að koma í veg fyrir að úrræðið verði einungis á færi þeirra sem eru vel stæðir og koma í veg fyrir mögulega mismunun. Hins vegar má benda á það hvort að heimild til staðgöngumæðrunar til handa konum sem af heilsufarslegum ástæðum geta ekki gengið með barn leiði mögulega til annars konar mismununar. Sú mismunun gæti t.d. birst gagnvart þeim konum sem ekki munu uppfylla þau lagaskilyrði um heilsufarslegt vandamál sem gera verður ráð fyrir að verði útlistuð í lögnum, en geta engu að síður ekki gengið með barn af einhverjum ástæðum.

Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni hefur í för með sér margvíslegan kostnað. Gera verður ráð fyrir nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Sú skylda hvílir á heilbrigðiskerfinu að slík þjónusta sé eins vönduð og kostur er og séu ekki settar of þröngar skorður. Í þessu sambandi má til dæmis líta til þess að staðgöngumóðir og fjölskylda hennar kann að þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda lengur en aðeins á meðgöngu og fyrstu vikur eftir fæðingu, þar með talið sálfræðiþjónustu, ráðgjöf og stuðning

Nauðsynlegt er að áætlaður kostnaður við staðgöngumæðrun liggi fyrir áður en lög verða samþykkt. Þá verður jafnframt að skoða hvaða áhrif lögin hafi á aðra heilbrigðisþjónustu sem nú þegar er í boði. Að sama skapi verður að svara því hvort að vilji samfélagsins standi til þess að forgangsraða í heilbrigðisþjónustunni með tilliti til þessa. Í þessu sambandi vísar landlæknir til fyrra álits um þingsályktunartillögu um staðgöngumæðrun, dags. 2 mars 2011. Þar tók hann undir áhyggjur vinnuhóps velferðarráðuneytisins um mikilvægi þess að verja nauðsynlega heilbrigðisþjónustu við erfiðar efnahagsástæður.

Í nefndaráliti meirihluta velferðarnefndar vegna þingskjals nr. 551 frá 140. löggjafarþingi Íslands 2011-2012 kemur fram að nefndin telur mikilvægt að staðgöngumæðrun verði fundinn staður innan hins opinbera heilbrigðiskerfis svo að kostnaði verði mætt af kerfinu en ekki komi til sérstakar greiðslur verðandi foreldra til staðgöngumóður. Þennan ásetning löggjafans verður að skoða sérstaklega, í ljósi þess að verið er að draga úr greiðsluþátttöku hins opinbera við t.d. tækniþjónganir para sem glíma við ófrjósemi. Mikilvægt er að jafnræðis gæti í svo viðkvæmum málaflokki sem ófrjósemi er.

Í upphafi umræðu um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni hér á landi var gert ráð fyrir að hópurinn sem óskaði eftir þjónustunni væri fámennur, eða um 0-5 þör á ári. Spurningar starfshópsins bera með sér að ekki sé um jafn afmarkaðan hóp að ræða og áður hefur komið fram og þarfnast það nánari skoðunar.

Í þingsályktun nr. 3/140, sem samþykkt var á Alþingi 18. janúar 2012, segir að við vinnu frumvarps til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni skuli kveða skýrt á um ströng skilyrði varðandi framkvæmd og eftirlit staðgöngumæðrunar. Landlæknir leggur áherslu á að verði umrædd lög samþykkt, skuli skilgreint ítarlega hvaða heilsufarsástæður réttlæta staðgöngumæðrun.

Að lokum, sem almenna athugasemd, er mikilvægt að löggjöf um staðgöngumæðrun kveði á um hvernig eftirliti og skráningum um staðgöngumæðrun skuli háttáð og fylgt eftir.

II

Svör við einstaka spurningum

Spurning 2

A staðgönguþjónusta sem veitt er innan íslenska kerfisins að einskorðast við íslenska ríkisborgara?

Í ljósi þess að aðgangur að heilbrigðisþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu er opin væri erfitt að meina fólki um aðgang að íslenskum staðgöngumæðrum.

Spurning 4

A að setja því mörk í íslenskri löggjöf hvaða tegundir staðgöngumæðrunar eru heimilar? Hvaða skorður er hægt að setja og hvers vegna á að setja þær eða setja þær ekki að ykkar mati?

Ekki er fyllilega ljóst hvað átt er við með þessari spurningu, þar sem frumvarpið á að fjalla um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Að mati landlæknis er nauðsynlegt að í löggjöf um staðgöngumæðrun séu skýr mörk um hvaða tegundir staðgöngumæðrunar séu heimilar. Ef það verður niðurstaða löggjafans að heimila staðgöngumæðrun er það mat landlæknis að einungis ætti að heimila fulla staðgöngumæðrun og að hin verðandi móðir geti ekki eignast barn af heilsufarslegum ástæðum (sjá nánar lið 7. g.). Í þessu felst að ekki ætti að nota kynfrumur staðgöngumóður, þ.e. mælt er með fullri staðgöngumæðrun þar sem staðgöngumóðirin hefur enga erfðafræðilega tengingu við barnið. Að öllu jöfnu ætti að nota kynfrumur annars eða beggja verðandi foreldra.

Mikilvægt er að í fyrirhugaðri löggjöf verði kveðið skýrt á um fjölda fósturvísa sem settir verða upp hjá staðgöngumóður og haft í huga að fjölburameðgöngur og -fæðingar eru áhættumeiri en einburameðgöngur og -fæðingar.

Spurning 6

Hvaða forsendur telur umsagnaradili nauðsynlegar til þess að tryggja rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar?

Mikilvægt er að tryggja fræðslu til staðgöngumóður um alla heilsufarslega áhættu af ferlinu. Með heilsufarslegri áhættu er átt við líkamlega og andlega áhættu, en einnig verður að gera ráð fyrir félagslegum áhrifum. Fræðsla að þessu leyti er forsenda þess að staðgöngumóðir geti tekið upplýsta ákvörðun um ferlið.

Ekki verður litið framhjá þeim möguleika að kvenkyns ættingi konu, sem af heilsufarsástæðum getur ekki gengið með barn, verði fyrir þrýstingi um að gerast staðgöngumóðir fyrir viðkomandi eða að hún upplifi samviskubit bjóðist hún ekki til þess.

c. Hvaða kröfur, svo sem um aldur, heilbrigði, félagslega stöðu, fjölskyldustöðu og vensl (tengsl) við hina verðandi foreldra, er hægt að gera til staðgöngumóður?

Áður en ákvörðun um staðgöngumæðrun er tekin þarf að fara fram ítarlegt mat óháðra fagaðila á andlegu og líkamlegu heilbrigði staðgöngumóður. Í þeirri vinnu þarf að huga vel að því að meðganga gæti haft skaðleg eða neikvæð áhrif á staðgöngumóður og nærumhverfi hennar. Staðgöngumóðir þarf að vera heilsuhraust þannig að meðganga og fæðing skapi ekki aukna áhættu fyrir hennar eigin heilsu. Staðgöngumóðir ætti ekki að vera eldri en 35 ára vegna þeirrar áhættu sem fylgir meðgöngu með hækkandi aldri. Einnig ætti egggjafi ekki að vera eldri en 35 ára vegna aukinnar hættu á litningagöllum.

Þar sem staðgöngumæðrun er leyfð/gerð er æskilegt að staðgöngumóðir hafi fætt hið minnsta eitt barn og eignast þau börn sem hún og maki hennar hyggjast eiga. Þetta felur í sér að staðgöngumóðirin á eitt eða fleiri börn sem fylgjast með meðgöngunni og eru óhjákvæmilega þátttakendur í þessu ferli. Venjulega eru eldri börn þátttakendur í meðgöngu móður sinnar og er upplifun fjölskyldunnar að öll jöfnu jákvæð. Ekki er hægt að útiloka að eldri systkini upplifi sorg eða missi þegar barnið er svo látið af hendi og að það hafi hugsanlega skaðleg áhrif á það/þau. Dæmi um álítaefni í þessu sambandi er hvaða áhrif það hefur á barn staðgöngumóður að horfa upp á móður sína ganga í gegnum meðgöngu sem endar þó ekki með nýjum fjölskyldumeðlimi eins og er við hefðbundna meðgöngu og fæðingu barns.

Á meðgöngu á sér stað tengslamyndun móður og barns vegna áhrifa meðgönguhormóna. Því er ljóst að viðskilnaður staðgöngumóður við barnið getur valdið henni sálrænni vanlíðan. Meðganga sem slík er einnig streituvaldur og rannsóknir benda til þess að mikil streita móður á meðgöngu geti haft neikvæðar afleiðingar fyrir heilsu hins ófædda barns til skemmri og lengri tíma litið. Í ljósi þessa er mikilvægt að þess sé gætt að sú heilbrigðisþjónusta og stuðningur sem staðgöngumóðirin og fjölskylda hennar kunna að þurfa á að halda sé til staðar.

e. Að hvaða marki og hvernig er mögulegt að stuðla að góðum og uppbyggilegum tengslum staðgöngumóður við verðandi foreldra barnsins?

Mikilvægt er að hugað sé að sjálfræði staðgöngumóður í samskiptum við verðandi foreldra. Staðgöngumóðir og fjölskylda hennar þarf að fá allar þær upplýsingar sem völ er á um áhættu og áhrif staðgöngumæðrunar. Einnig þarf að ganga úr skugga um að hún sé hæf til þess að taka ákvörðun og tryggja að hún sé ekki beitt fjárhagslegum, menningarlegum eða félagslegum þrýstingi við ákvarðanatöku.

Tryggja þarf að staðgöngumóðirin sé að fullu upplýst um lagalega stöðu allra aðila sem að málinu koma. Hún þarf einnig upplýsingar um áhættu fyrir andlega, líkamlega og félagslega heilsu hennar sem byggjast á bestu reynslu og þekkingu.

Eins og áður var nefnt er mikilvægt að einungis verði notaðar eggfrumur verðandi móður eða gjafaeggfrumur, en ekki eggfrumur staðgöngumóður. Markmið þessa er meðal annars að minnka sem mest líkur á sársauka vegna viðskilnaðar staðgöngumóðurinnar sjálfrar og t.d. barna hennar og maka þegar verðandi foreldrar fá barnið. Það ætti einnig að auðvelda uppbyggileg tengsl þeirra á milli.

Spurning 7

g. Hverjir ættu að eiga rétt á þjónustu staðgöngumóður?

Verði lög um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni að veruleika er mikilvægt, eins og áður hefur komið fram, að skilgreina ítarlega hvaða tilvik falla undir lögin, þ.e. hvaða heilsufarslegu forsendur liggja til grundvallar að staðgöngumæðrun verði heimiluð. Hlýtur sú krafa að vera gerð að staðgöngumæðrun sé aðeins heimiluð í þeim tilvikum þar sem um læknisfræðilega ófrjósemi er að ræða eins og t.d. legleysi, sjúkdóma í legi, t.d. krabbameins í legi eða leghálsi eða legnáms af heilsufarslegum ástæðum. Einnig ætti að líta til óbeinna ábendinga vegna sjúkdóms móður þar sem þungun getur stefnt lífi hennar eða verðandi barns í alvarlega hættu. Mikilvægt er að sjúkdómur eða heilsufarslegt vandamál sem móðir er með skerði ekki lífslíkur hennar svo mikið að uppeldisaðstæður barns bíði sjáanlega skaða af.

h. Ætti lagasetning að heimila staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni með kynfrumum annarra en hinna verðandi foreldra?

Eins og áður hefur komið fram er það mat landlæknis að ekki ætti að nota kynfrumur staðgöngumóður heldur ganga út frá fullri staðgöngumæðrun þar sem hin barnshafandi kona hefur enga erfðafræðilega tengingu við barnið. Að öllu jöfnu ætti að nota kynfrumur annars eða beggja verðandi foreldra.

Spurning 9

Hvernig ætti lagasetning, sem heimilar staðgöngumæðrun í velferðarskyni með skilyrðum, að tryggja hag barnsins, rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóður og farsæla aðkomu verðandi foreldra í eftirfarandi tilvikum:

a. Staðgöngumóðir afþakkar fósturskimun við tólf vikur.

Staðgöngumóðir hefur fullan rétt yfir líkama sínum og getur afþakkað fósturskimun ef hún kys.

b. Staðgöngumóðir fer í fósturskimun og leiðir í ljós t.d. Downs-heilkenni, aðra fötlun eða sjúkdóm, en hún vill engu að síður ljúka meðgöngunni og afhenda þá barnið hinum verðandi foreldrum.

Staðgöngumóðir hefur fullan rétt yfir líkama sínum og getur afþakkað fóstureyðingu ef hún óskar þess. Forsjárskyldur verðandi foreldra eru engu að síður áfram til staðar.

c. Staðgöngumóðir vill eyða fósturi.

Staðgöngumóðir hefur fullan rétt yfir líkama sínum og getur farið í fóstureyðingu ef hún óskar þess innan ramma laga um fóstureyðingar.

d. Hinir verðandi foreldrar óska eftir því við staðgöngumóður að fara í fóstureyðingu.

Staðgöngumóðir hefur fullan rétt yfir líkama sínum. Verðandi foreldrar hafa ekki rétt til að taka ákvarðanir fyrir staðgöngumóður á meðgöngu.

e. Staðgöngumóðir reykir á meðgöngu eða hagar lífi sínu á einhvern þann hátt sem hinir verðandi foreldrar telja að gæti komið niður á hag barnsins.

Staðgöngumóðir hefur fullan rétt yfir líkama sínum og lífi og getur hagað lífsstíl sínum eins og hún kys, þó alltaf innan ramma barnaverndarlaga sem og annarra laga.

f. Eftir að meðganga er hafin gerir staðgöngumóðirin meiri kröfur til hinna verðandi foreldra en þau höfðu reiknað með, til dæmis hvað varðar bætur fyrir vinnutap, sjúkrakostnað o.s.frv..

Af spurningunni má ráða að gengið sé út frá því að til staðar sé samningur, hvort sem hann er munnlegur eða skriflegur, milli staðgöngumóður og verðandi foreldra. Slíkt væri í andstöðu við tilgang laganna, þar sem um velgjörð er að ræða og fær staðgöngumóðirin ekki bætur eða umbun umfram réttindi hennar samkvæmt lögum og kjarasamningum þegar það á við. Staða hennar að þessu leyti er sú sama og annarra barnshafandi kvenna.

- i. *Hinir verðandi foreldrar skipta um skoðun á meðgöngunni og vilja ekki taka við barninu.*
Verðandi foreldrar skulu hafa foreldraskyldur gagnvart barninu og eru því skuldbundin til að taka við barninu. Vilji þau það ekki verður að gera ráð fyrir og sama ferli taki við hjá barnaverndaryfirvöldum og þegar foreldrar vilja ekki eiga börnin sín.
- j. *Aðstæður hinna verðandi foreldra gerbreytast á meðgöngu, til dæmis vegna aldurs, heilsu, efnahags, skilnaðar, andláts annars o.s.frv.*
Þessar aðstæður eru þær sömu og allir foreldrar geta staðið frammi fyrir. Slíkar aðstæður draga í engu úr forsjárskyldum foreldra og því ekki úr forsjárskyldum hinna verðandi foreldra.


III

Niðurlag

Spurningalisti starfshópsins í heild sinni sem og ofangreindar athugasemdir bera með sér að margvísleg álitamál varðandi staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni þarfnist frekari skoðunar. Að staðgöngumæðrun er hvorki leyfð á Norðurlöndunum né í flestum löndum Evrópu endurspeglar einnig þau flóknu læknisfræði-, siðfræði- og samfélagslegu álitaeftni sem við er að glíma.

Eftir ítarlega skoðun er það er mat landlæknis að án þess að skýr afstaða löggjafans liggja fyrir um ofangreind álitaeftni sem og önnur álitaeftni sem tengjast málefnum og án þess að fjármagn verði tryggt til að veita nauðsynlega þjónustu sé ekki tímabært að leyfa staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni á Íslandi.

Virðingarfyllst



Geir Gunnlaugsson
landlæknir



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 30. nóvember 2015.

Efni: Frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 23. október þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál á 145. löggjafarþingi.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það samið af vinnuhópi sem skipaður var af heilbrigðisráðherra í framhaldi af samþykkt Alþingis á þingsályktun um staðgöngumæðrun nr. 3/140. Þingsályktunartillagan var lögð fram tvívegis og samþykkt í síðara skiptið.

LÍ lagði fram ítarlega umsögn fyrri hluta árs 2011 ásamt áliti Siðfræðiráðs félagsins frá árinu 2009. Hvorutveggja fylgir hjálagt.

Í vinnuferli frumvarpsins svaraði LÍ fyrirspurnarbréfi frá vinnuhópnum, sem fylgir hér hjálagt.

Stjórn LÍ hefur nokkrum sinnum á síðustu árum tekið til umfjöllunar staðgöngumæðrun. Þó frumvarp til laga um staðgöngumæðrun taki á fjölmörgum álitaeinum sem snúa að staðgöngumæðrun og sem ekki lá fyrir hvernig yrðu afgreidd í lagafrumvarpi á sínum tíma þá hefur afstaða LÍ ekki breyst frá því að félagið gaf fyrri umsagnir sínar 2011 og 2013. Afstaða LÍ er því óbreytt sú að lögfesting ákvæða um staðgöngumæðrun, þó í velgjörðarskyni sé, sé ekki tímabær að sinni.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna frumvarps þessa, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Hjálagt:

Umsögn Læknafélags Íslands frá 8. febrúar 2011 ásamt áliti Siðfræðiráðs LÍ frá 2009.

Umsögn Læknafélags Íslands frá 11. nóvember 2013 ásamt umsögn Siðfræðiráðs LÍ frá 2013.



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi

Erindi nr. P 139/1256

komudagur 10.2.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 8. febrúar 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 310. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 310. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 27. janúar sl.

Í tillögunni er lagt til að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem undirbúi frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun hér á landi. Í tillögunni eru talin upp nokkur atriði sem áhersla skuli lögð á við fyrirhugaða lagasetningu. Þá gerir tillagan ráð fyrir að frumvarp um staðgöngumæðrun verði lagt fram eins fljótt og mögulegt er, þó eigi síðar en 31. mars nk.

Siðfræðiráð Læknafélags Íslands samdi haustið 2009 álit um staðgöngumæðrun. Í álitinu er ítarlega fjallað um ýmsa þætti staðgöngumæðrunar. Niðurstaða ráðsins er sú að það geti ekki mælt með því að staðgöngumæðrun verði í lög leidd á Íslandi. Álit ráðsins fylgir hjálagt.

Síðustu vikur hefur mikil umræða verið í þjóðfélaginu um staðgöngumæðrun. Umræðan hefur nánast eingöngu tengst máli pars sem leitaði aðstoðar indverskrar staðgöngumóður og baráttu þeirra fyrir því að komast til Íslands með barnið. Lí telur að meta verði umræðuna í því ljósi. Umræðan endurspeglir því fyrst og fremst samúð með aðstæðum þess pars sem í hlut á. Varhugavert er að túlka umræðuna sem víðtækan stuðning við að staðgöngumæðrun verði lögfest.

Lí telur þó að ekki verði fram hjá því litið að á síðustu árum hafa verið stigin skref varðandi aðgang að tæknifrjóvgun sem þrýsta á að staðgöngumæðrun verði heimiluð hér á landi. Vísar Lí þar til þess að ákvæði laga um tæknifrjóvgun voru rýmkuð til að gera einhleypum konum og samkynhneigðum kvenþörum kleift að eignast börn með tæknifrjóvgun. Þegar lög um tæknifrjóvgun voru samþykkt árið 1996 var staðgöngumæðrun bönnuð og forsenda við lagasetninguna að tæknifrjóvgun væri meðferð eingöngu fyrir þör, karl og konu, sem áttu við ófrjósemisvanda að stríða. Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið hefur verið vikið frá þessum upphaflega tilgangi með setningu laga um tæknifrjóvgun. Það er því skiljanlegt að þeir sem þurfa á staðgöngumæðrun að halda telji sanngjarnt og eðlilegt að rýmka lögin enn frekar, í þeirra þágu, eins og þegar hefur verið gert varðandi ýmsa aðra hópa sem upphaflega áttu ekki að falla undir gildissvið laganna.

Lí telur að þróun mála á þessu sviði síðustu misserin og sú umræða sem verið hefur í samfélaginu síðustu vikurnar kalli á að heilbrigðisráðherra skipi starfshóp sem fái það verkefni að skoða staðgöngumæðrun enn frekar en þegar hefur verið gert. Lí leggur áherslu á að í þeirri vinnu verði stigið varlega til jarðar vegna þeirra fjölmörgu siðfræðilegu, líffræðilegu og læknisfræðilegu álítaefna sem uppi eru varðandi staðgöngumæðrun. Í starfi

1



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Þessa starfshóps verði höfð hliðsjón af þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessu sviði, m.a. álitni Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands.

LÍ telur mikilvægt að lækningar eigi sæti í starfshópi sem skipaður verður. Þá telur LÍ langt frá því sjálfgefið að vinnu slíks starfshóps ljúki með samningu lagafrumvarps um staðgöngumæðrun. Meðgöngu og fæðingu fylgir áhætta fyrir móðurina. Sumar þeirra kvenna sem þurfa á staðgöngumæðrun að halda eru í þeim sporum af því að þeirra eigin meðgöngu lauk með þeim hætti að frekari barneignir urðu þeim ómögulegar. Við mat á því hvort staðgöngumæðrun skuli leyfa hér á landi verður því aldrei hjá því komist að horfa til þeirrar áhættu sem staðgöngumóðirin myndi taka varðandi eigin heilsu og eigin möguleika á því að eignast sjálf síðar fleiri börn.

Í umræðu um nauðsyn þess að lögleiða staðgöngumæðrun hér á landi hefur komið fram að barnlaus þör, eða þör sem vilja eignast fleiri börn, leiti staðgöngumæðrunar m.a. vegna þess að bið eftir ættleiðingu sé löng og að ættleiðing sé nánast vonlaus sem úrræði í þessum kringumstæðum. LÍ telur mikilvægt að stjórnvöld leiti allra leiða til að auðvelda aðgang að ættleiðingu þannig að ættleiðing verði raunverulegt úrræði fyrir þá sem vilja með þeim hætti stofna eða stækka fjölskyldu.

LÍ getur þannig ekki stutt tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun eins og hún liggur fyrir en með þessum breytingum sem að framan eru raktar getur LÍ mælt með því að starfshópur verði skipaður til að skoða nánar staðgöngumæðrun.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Birna Jónsdóttir,
formaður

Hjálagt:

Staðgöngumæður. Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands. Hausti 2009.

Staðgöngumæður

Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Haust 2009

Inngangur

Þegar lög um tæknifrjövgun voru í undirbúningi kom til tals að setja inn í þau ákvæði um staðgöngumeðgöngu en nefndin sem samdi frumvarpið taldi að það málefni væri viðameira en svo að hægt væri að setja um það fáeinar greinar í umrædd lög. Í kjölfarið setti þáverandi heilbrigðisráðherra á laggirnar nefnd undir forsæti skrifstofustjóra ráðuneytisins sem gera skyldi umgerð um staðgöngumeðgöngur og það sem af því hlýst, hugsanlega í formi frumvarps. Málefnið kom til umræðu í Siðfræðiráði og í kjölfarið var ákveðið að taka það til sérstakrar umfjöllunar. Núna liggur fyrir álit Siðfræðiráðs og má nýta það ef málefnið kemur til frekari umfjöllunar af hálfu heilbrigðisyfirvalda eða ef um það verður opinber umræða.

Ástríður Stefánsdóttir læknir er í nefnd ráðherra um staðgöngumæður og er hún jafnframt meðlimur í Siðfræðiráði. Vegna þessarar nefndarsetu er hún ekki aðili að þessu álit.

Skilgreiningar

Staðgöngumeðganga: Meðganga þar sem ein kona gengur með barn fyrir aðra konu eða fjölskyldu.

Hefðbundin staðgöngumeðganga. (E: Partial surrogacy): Kona er frjövguð með sæði eiginmanns þeirrar konu sem tekur við barninu sem móðir þess eftir fæðingu eða með gjafasæði

Tæknifrjövguð staðgöngumeðganga. (E: Full surrogacy): Notað er frjövgað egg þar sem frjövgun á sér stað utan legs og síðan sett upp í leg staðgöngumóður.

Staðgöngumóðir: Kona sem tekur að sér, jafnvel gegn greiðslu, að verða frjövguð og síðan ganga með barn sem hún síðan lætur af hendi strax við fæðingu samkvæmt samningi.

Almennt

Þegar horft er á viðfangsefnið "staðgöngumeðganga" og "staðgöngumæður" er gott til skilnings að líta á hlutverk hvers einstaklings fyrir sig. Hlutverkin eru misjafnlega mörg í hverju tilviki fyrir sig en eru aldrei færri en 3, staðgöngumóðirin, móðirin sem fær barnið og svo barnið sjálft. Oftast er einnig til staðar eiginmaður konunnar sem fær barnið og stundum eiginmaður staðgöngumóður. Einnig geta verið önnur börn til staðar sem þetta ferli hefur áhrif á. Hér verður litið á þessi hlutverk hvert fyrir sig. Samfélagsleg hlið á málefninu verður einnig lítillega reifuð.

Hlutverkin og áhrif á hvert um sig

Staðgöngumóðirin.

Það er stór ákvörðun að taka að sér að ganga með barn fyrir aðra konu. Þetta er sá einstaklingur sem auðveldast er að sjá að geti farið illa úr þessum "viðskiptum". Hvatinn að því að taka að sér þetta hlutverk getur verið tengsl við konuna sem tekur svo við barninu (fjölskylda, vinátta) eða fjárhagslegur ávinningur og mun það oftast vera tilfellið í Bretlandi, Bandaríkjunum og væntanlega víðar. Þetta er oftast gert með þeim formerkjum að greiða þurfi fyrir útlagðan kostnað sem vissulega er fyrir hendi en oft er greiðslan í reynd hærri. Rannsakendur í Bretlandi hafa lýst því hversu erfitt sé að fá góðar heimildir um þetta atriði (Brazier report 1998). Í Bandaríkjunum er lengri hefð fyrir staðgöngumæðrun og þar eru stofnanir sem gefa út "verðlista" svo sem Center for Surrogate Parenting. Þar mun greiðsla eftir þessum leiðbeiningum vera viðtekin og í úttekt á þessu segir að það hafi leitt til greinilegra félagslegra breytinga. Áður voru staðgöngumóðirin og fjölskyldan sem tekur við barninu af sömu stétt en nú er staðgöngumóðir oftast af lágstétt en þau sem við taka af efri millistétt. ((Ragoné 1994, *Surrogate Motherhood*, p. 194).

Rökstyðja má að það sé siðfræðilega grundvallarmunur á því að ganga með barn fyrir aðra konu sem er í sömu fjölskyldu eða þegar annars konar náin tengsl eru til staðar eða þegar þetta er gert á viðskiptagrunðvelli. Um leið og greiðsla er inni í myndinni koma fram sjónarmið sem aldrei koma annars fram. Er staðgöngumóðir að leita að tekjum fyrir fjölskylduna, jafnvel í neyð? Getur verið að sú sem óskar eftir því að gerast staðgöngumóðir leyni upplýsingum sem dragi úr líkum þess að hún fái "samninginn"? Þetta geta verið upplýsingar sem tengjast heilsu hennar eða aðstæðum og aðbúnaði á meðgöngu. Fyrirtæki sem veita milligöngu um þessa þjónustu hafa flest seitt sér stífar reglur er varða mat á væntanlegri staðgöngumóður þannig að allt að 95% umsækjanda er hafnað. Þetta hefur ekki komið til af góðu og má nefna dæmi þess efnis. Tilfelli "Baby M" var þekkt í Bandaríkjunum árið 1986 þegar kona sem ól barn fyrir aðra konu neitaði að láta það af hendi (Steinbock B. 1988). Annað dæmi er frá Bretlandi þar sem kona var tvívegis staðgöngumóðir en gat með einhverju móti sannfært tilvonandi "foreldra" um að hún hefði misst fóstrin en ól börnin og hélt þeim. Bæði málin fóru fyrir dóm. (The Guardian 2009)

Eðlilegt er að gera þá kröfu til staðgöngumóður að hún hafi áður gengið í gegnum meðgöngu og fæðingu og viti því hvað hún er að takast á hendur. Þá koma einnig upp álitamál er varða þau börn sem hún á fyrir, sjá síðar.

Áhættur þær sem staðgöngumóðir tekur eru margvíslegar:

- Heilsutjón vegna álags af meðgöngu og fæðingu. Pre-eclampsia er tiltölulega algengt vandamál og marga aðra meðgöngutengda sjúkdóma má nefna.
- Tilfinningalegt álag af því að ganga með barn sem fjölskylda hennar veit að verður látið af hendi
- Andlegt álag af að fæða barn. Fæðingarþunglyndi kemur fram í allt að 14 % tilvika en fæðingarsturlun mun sjaldnar eða í um 2 % tilvika en það ástand krefst innlagnar á geðdeild (Beck, C.T. 2001). Ekki er ljóst hvort það sama á við um staðgöngumæður og þær sem annast barn sitt en rannsóknir sem gerðar hafa verið hafa a.m.k. ekki sýnt fram á aukna tíðni en hóparnir hafa verið litlir (van den Akker 2007)

- Andleg röskun sem fylgir því að láta barn af hendi við fæðingu. Eitthvert samband virðist vera á milli aldurs staðgöngumóður og eftirsjár og virðast yngri mæður frekar fyllast eftirsjá síðar.
- Staða konunnar ef viðtökumóðir forfallast af einhverjum ástæðum.
- Síðbúið andlegt álag svo sem ef staðgöngumóðir vill eignast eigið barn síðar en getur það af einhverjum ástæðum ekki. Nánast ekkert rannsakað.

Margt bendir til að rannsóknir á þessu efni séu ekki fullnægjandi og hafa verið gagnrýndar fyrir ýmislegt svo sem að vera takmarkaðar og snúast um mjög valinn hóp. Fáar langtímarannsóknir hafa farið fram og engar þar sem beitt er íhlutun við vandamál. Benda má á samantekt á þessu sviði (van den Akker 2007)

Móðirtn sem gengur með barnið

Fljótu á litið er þetta sá einstaklingur sem vinnur á þessum "viðskiptum" en tapar engu. Engu síður þarf að vanda vel til alls undirbúnings, m.a. að fjölskyldan sé metin líkt og á sér stað þegar foreldrar sækjast eftir barni til ættleiðingar. Það er einnig hægt að ímynda sér ýmsar aðstæður sem valda álagi þótt valið sé vandað:

- Verður fóstrið skimað með tilliti til erfðagalla? Hver tekur ákvörðun ef barnið reynist hafa slíka greiningu? Hver ber ábyrgð?
- Barnið nær ekki væntingum verðandi foreldra vegna sjúkdóms, fötlunar eða eiginleika sem móðir/fjölskylda hennar á erfitt með að sætta sig við
- Meðábyrgð ef ekki fer vel.

Barnið

Þetta er sá einstaklingur sem minnst tillit er tekið til við þessi "viðskipti". Gengið er út frá því að barnið sé ekki hluti að "samningnum". Eðli máls samkvæmt er barnið orðið nokkurra ára gamalt þegar það fær vitneskju um hvernig því var í komið í heiminn ef það hreinlega stendur ekki til að leynd því. Það er hins vegar réttur hvers einstaklings að vita uppruna sinn ef það er á annað borð á vitorði foreldra en um þetta atriðið er nokkur óvissa lagalega. Samkvæmt barnalögum á barnið rétt á að vita um uppruna sinn en samkvæmt lögum um tæknifrjógvun hefur sá réttur verið tekinn af því hvað faðerni varðar. Ef staðgöngumæðrun verður leidd í lög væri hugsanlega einnig tekinn sá réttur af börnum sem staðgöngu móðir gekk með að vita hver hin líffræðilega móðir er.

Feður

Feður hljóta að verða metnir sem hluti af viðtakandi fjölskyldu. Það eru hins vegar ýmis dómsmál sem hafa risið af því að feður hafa talið sig hlunnfarna þegar ákvörðun var tekin um tæknifrjógvun eiginkonu þótt aðilar sem veittu þjónustuna hafi staðið í góðri trú. Ekki er hægt að gera ráð fyrir öðru en að það sama eigi við um þessi mál.

Systkini

Hver er staða barna móður sem gengur með barn sem önnur fjölskylda tekur svo við? Í venjulegum fjölskyldum eru börn þátttakendur í meðgöngunni og eru upplýst um hvað er að gerast og hvers er að vænta. Öðru máli gegnir í þessum tilvikum þar sem það liggur fyrir alla meðgönguna að barnið sem móðirin ber undir belti muni ekki verða hluti af fjölskyldunni. Tilfinningalegt álag samfara þessu hlýtur að verða en þetta atriði virðist lítið hafa verið kannað. Börnin eru ekki aðilar að samningnum.

Siðfræðileg álitamál eru væntanlega ekki eins mikil meðal hugsanlegra eldri barna viðtakanda móður.

Samfélagsleg atriði

Er samfélagið tilbúið til að setja þessa þjónustu á legg?

Er samfélagið þá einnig tilbúið að greiða þann kostnað sem getur hlotist og sem venjulega er borinn af samfélaginu svo sem sjúkráðsúvist, lyf og læknishjálp? Eða er samfélagið sátt við að setja á fót úrræði sem aðeins er á færi þeirra sem vel eru staðir. Algengur "taxti" í Bandaríkjunum er líðlega 55.000\$ fyrir hefðbundna frjóvgun með efirliti, meðgöngu og fæðingu og um 65.000\$ þegar notað er frjóvgað egg og samsvarar þetta 5-7 milljónum íslenskra króna.

Niðurlag

Staðgöngumæðrun er ekki leyfð á Íslandi samkvæmt núgildandi lögum. Þessi aðferð við fjölgun mannfólksins er heldur ekki leyfð á Norðurlöndunum. Hún er hins vegar leyfð í ýmsum öðrum löndum svo sem í Bretlandi með takmörkunum og í Bandaríkjunum en þar geta reglur verið misjafnar frá einu ríki til annars.

Í þessari samantekt hefur einkum verið litið til þeirra einstaklinga sem mál þetta varðar í fjölskyldunum sem að þessu koma. Eftir að hafa skoðað ýmis gögn um þetta málefni, opinberar úttektir og rannsóknir getur Siðfræðiráð Læknafélags Íslands ekki mælt með því að staðgöngumæðrun verði í lög leidd á Íslandi. Eins og fram hefur komið eru ýmsir sem málið varðar í viðkvæmri stöðu og á það sérstaklega við um staðgöngumóðurina sjálfa en einnig systkini og hugsanlega feður. Þrátt fyrir að þetta fyrirkomulag hafi viðgengist um nokkurt skeið skortir rannsóknir og í síðasta lagi má nefna efnahagslegar forsendur sem skipta máli svo sem fram hefur komið.

Heimildir

Beck, C.T. (2001) Predictors of Postnatal Depression: An Update. *Nursing Research*, 50, 275–285.

Brazier report 1998:

http://www.dh.gov.uk/en/Publicationsandstatistics/Publications/PublicationsLegislation/DH_4009697

Ólfur Bjarnason geðlæknir 2005. www.doktor.is

Ragoné Helena: *Surrogate Motherhood: Conception In The Heart*. West view Press, 1994

Steinbock, Bonnie (1988). "Surrogate Motherhood as Prenatal Adoption". *Law, Medicine, and Health Care* 16 (1): 44-50.

Van den Akker, Olga B.A. Psychological aspects of surrogate motherhood. *Human Reproduction Update* 2007;13:53-62.





LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík
B.t. Laufeyjar Helgu Guðmundsdóttur

Kópavogi, 11. nóvember 2013.

Efni: Samráð vegna lagafrumvarps um staðgöngumærðun í velgjörðarskyni.

Læknafélags Íslands (LÍ) fékk í sumar crindi frá starfshópi sem vinnur að frumvarpi um staðgöngumærðun í velgjörðarskyni skv. ályktun Alþingis frá 18.janúar 2012. Í crindinu var óskað eftir álitum LÍ á nokkrum atriðum varðandi staðgöngumærðun. Stjórn LÍ sendi crindið til Siðfræðiráðs LÍ sem hefur gefið sitt álit. Stjórn LÍ er sammála álitum Siðfræðiráðs og fylgir það hér með þessu bréfi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson, formaður.

Hjálagt: Álit Siðfræðiráðs frá september 2013 og umsögn LÍ frá febrúar 2011

Til stjórnar LÍ.

Efni: Samráð vegna lagafrumvarps um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Í erindisbréfi nefndarinnar segir meðal annars um aðdraganda skipunar hennar: "Alþingi ályktar að fela velferðarráðherra að skipa starfshóp sem undirbýr frumvarp til laga sem heimili staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni." Í bréfi yðar er varpað fram mörgum álitamálum sem nefndin þarf að taka afstöðu til við vinnu sína. Með því að svara þessum spurningum nákvæmlega eins og þær koma fyrir má álykta að Læknafélagið taki undir að slík löggjöf skuli sett. Þetta er á skjön við ályktun félagsins frá 2011 þegar þingsályktunartillagan var til umfjöllunar svo sem sjá má í áliti sem þá var sent og fylgir hér í viðhengi. *Siðfræðiráð ítrekar hér með þá afstöðu sem þar kemur fram.*

Þrátt fyrir ofangreinda afstöðu vill Læknafélagið svara að einhverju leyti framkomnum spurningum nefndarinnar og fylgja þær hér með.

1.-2. spurning: Staðgöngumæðrun yfir landamæri.

Svar: Leiða má rök að því að helsta leiðin til að koma í veg fyrir að Íslendingar leiti til annarra landa eftir þessari þjónustu sé að hún verði leyfð og stunduð hér á landi á grundvelli viðeigandi löggjafar. Á hinn bóginn mun aldrei verða hægt með löggjöf að koma í veg fyrir að einstaklingar leiti annað með þjónustu af þessu tagi, sérstaklega ef hún verður ódýrari annars staðar.

Ef af lagasetningu verður sér Læknafélagið engin rök til þess að þjónustan verði aðeins fyrir Íslenzka ríkisborgara. Ef aðrir leita hingað verða þeir að greiða fyrir þjónustuna fullt verð og hingað til hefur ekki verið með lagasetningu spornað við "heilbrigðisferðamennsku" af hvaða tagi sem er.

3. spurning: Lagasetning er takmarki staðgöngumæðrun við velgjörðarskyn og að ekki komi frekari greiðsla til.

Svar: Það verður ekki hægt með lagasetningu að koma í veg fyrir greiðslu utan kerfis. Ef vilji stendur til þess hjá einstaklingum að frekari greiðsla komi fyrir verður hún reidd af hendi án tillits til lagabókstafar. Það verður því ekki hægt að takmarka staðgöngumæðrun við velgjörðarskyn þrátt fyrir fyrirheit þar um.

4. spurning: Tegund staðgöngumæðrunar.

Svar: Læknafélagið tekur ekki afstöðu til mismunandi tegunda staðgöngumæðrunar að öðru leyti en því að með vísan til lögfests réttar barns til

að þekkja foreldra sína eigi staðgöngumæðrun að beinast að þeim tegundum þessarar þjónustu þar sem þessi réttur er virtur.

5. spurning: Hagur og réttindi barns.

Svar: Hagur barns felst í svo mörgu í þessu tilliti og ekki aðeins því sem hér er tífundað í spurningum. Það er t.d. hagur fósturs (og þar með tilvonandi barns) að verðandi staðgöngumóðir fái alla þá þjónustu sem felst í góðu mæðraeftirliti.

Til að tryggja rétt barns til að þekkja foreldra sína verður að takmarka staðgöngumæðrun við þær tegundir þar sem þetta er gerlegt. Varðandi lið b. áttar Læknafélagið sig ekki vel á spurningunni því hér er verið að spyrja um réttindi barns sem ekki hefur farið í gegnum staðgöngumæðrun hér á landi og því utan þess efnis sem þessi löggjöf á að taka til.

6. spurning: Hagur og réttindi staðgöngumóður.

Það hefur sýnt sig í rannsóknum erlendis að það er verulegur þrýstingur að hagur verðandi fósturforeldra sé í forgangi. Þannig hefur sýnt sig á sumum stöðum að tegund fæðingar fer fremur eftir óskum tilvonandi "foreldra" en óskum staðgöngumóður. Það verður erfitt með löggjöf að ganga á svig við réttindi staðgöngumóður sem ætti að hafa sama rétt verðandi líkama sinn og það barn sem hún ber undir belti og nú á við í venjulegri meðgöngu.

7. spurning: Hagur og réttindi verðandi foreldra.

Verðandi foreldrar ættu að vera metnir á sama hátt og foreldrar eru metnir til ættleiðingar.

8. spurning: Móðurhlutverkið.

Við setningu fyrirhugaðra laga um staðgöngumæðrun munu veruleg frávik verða frá Barnalögum sem smám saman virðast vera að missa merkingu sína. Þegar er búið að setja lög sem taka frá börnum þann rétt að þekkja föður sinn svo sem gerist með frjóvgun með gjafasæði. Í lögum um staðgöngumæðrun er hugsanlegt að einnig verði tekinn frá börnum sá réttur að þekkja móður sína. Svo spurningunni sé svarað beint skal það árétt að hér hljóti að koma til greina sömu ákvæði og gilda með ættleiðingu, að barnið eigi rétt á að vita hver hin líffræðilega móðir þess er. Reynslan af ættleiðingu er jafn gömul mannkyninu og því ætti móðurhlutverkið skv. lögum að vera sambærilegt og þar hefur tíðkast.

9. spurning: Atburðarrás og tiltekin atvik

Hér er verið að tiltaka mörg af þeim hugsanlegu atvikum sem upp geta komið og hafa sýnt sig að eru raunveruleg. Mörg þessi tilvik snerta aðstæður þar sem hagsmunir verðandi foreldra stangast á við hagsmuni staðgöngumóður. Áréttuð skal sú skoðun að það hljóti að orka tvímælis að ganga á svig við þann rétt sem verðandi móðir hefur í dag varðandi eigin líkama, lífsmáta sinn og það barn sem hún gengur með. Það yrði gert ef afstaða verðandi foreldra verði ráðandi gegn vilja staðgöngumóður.

Að þessu sögðu er það skoðun Læknafélagsins að taka ekki frekari afstöðu til þessara álitaefna sem myndast vegna löggjafar sem félagið telur að ekki eigi að setja.

Kópavogi 18. september 2013

Fyrir hönd Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Jón Snædal, formaður



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2015

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 145. löggjafarþing 2015-2016. Þingskjal nr. 245 – 229. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Með frumvarpinu er lagt til að staðgöngumæðrun verði eingöngu heimil í velgjörðarskyni.

Að mati MRSÍ er frumvarpið vel unnið og tekur á þeim helstu álitaeftum sem tengjast staðgöngumæðrun. Telur MRSÍ þó að það ríki einfaldlega of mikil samfélagsleg ósátt um málefnið og ágreiningur sé of mikill um siðfræðileg, lagaleg sem og samfélagsleg gildi þess svo hægt sé að réttlæta það að frumvarp verði að lögum. MRSÍ hefur áður bent á að sú umræða sem nauðsynlegt er að fari fram í samfélaginu áður en taka megi afstöðu til staðgöngumæðrunar hefur einfaldlega ekki farið fram.

MRSÍ kemur þó eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

- **Sérfræðiráðgjöf;** í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að allir aðilar sem koma að staðgöngumæðrun fái víðtæka ráðgjöf sérfræðinga á öllum stigum ferlisins; þ.e. áður en leyfi er veitt til staðgöngumæðrunar, á meðan á meðgöngu stendur og eftir fæðingu barns. Einnig er kveðið á um ráðgjöf og stuðning til barns sem fætt er af staðgöngumóður vegna beiðni þess um aðgang að upplýsingum um uppruna sinn. MRSÍ telur slíka ráðgjöf nauðsynlega en enn fremur er nauðsynlegt að sett verði reglugerð um framkvæmd hennar og að fulls jafnræðis verði gætt hvað varðar þá einstaklinga sem ráðgjöfina eiga að fá. Verður ráðgjöfin að vera í boði víðs vegar um landið eða þá að aðilum, sem ekki búa í nágrenni við þann stað þar sem ráðgjöfin verður veitt, verði gert kleift að sækja hana án mikils tilkostnaðar hvort sem það er kostnaður vegna vinnutaps eða ferðkostnaður. Þá ber og að gæta þess að þeir sem sérfræðiráðgjöfina veita hafi innsýn í álitaeftin og vinni af fagmennsku og hlutleysi.

- **Foreldrastaða barns sem fætt er samkvæmt erlendum lögum um staðgöngumæðrun;** í 26. gr. frumvarpsins er opnað fyrir það að nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni úrskurði um foreldrastöðu barns sem komið er með hingað til lands fætt skv. erlendum lögum um staðgöngumæðrun. Í ákvæðinu segir að nefndin synji um staðfestingu gangi hún í berhöggi við grunnreglur íslensks réttar en ekki er nánar fjallað um hvaða grunnreglur það



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

eru. Er mikilvægt að í athugasemdum með frumvarpinu verði fjallað nánar um hvernig nefndin á að ákvarða í slíkum málum, sem og í reglugerð um störf nefndarinnar. MRSÍ telur ákvæðið afar varasamt þar sem að með því sé opnað á möguleikann til þess að sækja sér þjónustu staðgöngumæðra erlendis og þrátt fyrir varnagla um að hér verði þá aðeins um að ræða ferli staðgöngumæðrunar sem sé sambærilegt því sem heimilað sé hér á landi, þá telur MRSÍ að afar erfitt yrði að fylgja því eftir. Bendir MRSÍ því til stuðnings á að skv. íslenskum lögum eiga hagsmunir barnsins ávallt að vera hafðir að leiðarljósi í öllum ákvörðunum sem það varðar og verður því erfitt að neita um staðfestingu á foreldrastöðu barns sem fætt hefur verið af staðgöngumóður sem t.d. hefur ekki neinar forsendur til þess að hugsa um það eða ef barnið hefur nú þegar verið með „foreldrum“ sínum í einhvern tíma og myndað tengsl. Erfitt getur verið að rökstyðja ákvörðun, byggða á hagsmunum barnsins, um að taka barn úr slíkum aðstæðum og setja í fóstur hjá öðrum aðilum. MRSÍ telur, að þrátt fyrir ákvæði um sektir vegna staðgöngumæðrunar yfir landamæri sem uppfylli ekki skilyrði þeirra laga sem hér gildi nái frumvarpið fram að ganga, þá eru líkur á að fælingarmáttur slíkrar sektar verði lítill, því kostnaður við aðrar leiðir sem í boði eru s.s. ættleiðingu og frjósemisaðgerðir getur verið afar hár og jafnvel mun hærri en sú upphæð sem lögð er til í 34. gr. frumvarpsdraganna.

- **Staðgöngumæðrun yfir landamæri** - í 33. gr. frumvarpsdraganna segir að það sé óheimilt að leita eftir eða nýta sér staðgöngumæðrun í útlöndum sem uppfyllir ekki skilyrði laganna. MRSÍ bendir á að það þarf að vera skýrt hver ber ábyrgð á framfylgd og eftirliti með þessu ákvæði sem og hvernig á að meta hvort staðgöngumæðrun erlendis standist skilyrði laganna. MRSÍ telur að erfitt geti verið að ganga úr skugga um hver sé raunveruleg staða og framkvæmd þessara mála í hverju landi fyrir sig því hugsanlega er ekki nóg að skoða lagaramma landsins heldur verður að skoða hver raunveruleg framkvæmd er. Með heimsvæðingunni hafa nýir markaðir opnast fyrir konur þar sem þær í mörgum tilfellum starfa við bág kjör og óviðunandi aðstæður á hinum óopinbera vinnumarkaði þar sem lítið eftirlit er viðhaft og takmarkað öryggi tryggt. Þar með eru þær óvarðar fyrir hvers konar ofbeldi og hagnýtingu. Þrátt fyrir að með frumvarpinu sé aðeins verið að leggja til að staðgöngumæðrun verði leyfði í velgjörðarskyni verður að hafa í huga að óprútttnir aðilar finna ólíklegustu leiðir til þess að hagnýta sér neyð annarra. Því verður að vanda vel til verka og tryggja að eftirlit verði virkt og öflugt því að alltaf er möguleiki á því að undirliggjandi þvinganir eða aðrar ástæður standi á bak við loforð konu um staðgöngumæðrun. Ákvörðun í þessum málum verður að taka mið af mannlegri reisn.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

26.10.2015

Velferðarnefnd

229. mál

Ekki gerð önnur athugasemd frá Óháða söfnuðinum nema það, að það er rangt að kalla þetta "staðgöngumæðrun". Staðgöngumóðir stendur fyrir mömmu, sem gekk einhverjum í móðurstað, fóstura eða stjúp móðir.

"Meðgöngumóðir" og "meðgöngumæðrun" lýsir því gersamlega, sem við á að éta í þessum efnum. Mamman gengur með bumbubúann meðan meðgangan á sér stað í þessa 9 mánuði og svo vart söguna meir. Þess vegna lýsir hitt orðalagið ekki neinu réttu, heldur röngu í huga alþýðu manna, sem hefur merkingu orðanna í huga frá fornu fari og eins líka með því að meðgöngumamma lýsir því miklu nær sanni því sem fer fram heldur en því sem þetta frumvarp er nefnt eftir, eða hver fattaði upp á því orði??

kv. Pétur

Alþingi
Velferðarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 30. nóvember 2015


Tilvísun: 2015101377ÞS/--

Persónuvernd vísar til beiðnar velferðarnefndar Alþingis frá 23. október 2015 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni (þskj. 245, 229. mál á 145. löggjafarþingi). Þau ákvæði frumvarpsins sem einkum varða vinnslu persónuupplýsinga eru 12. gr., þar sem fjallað er um gögn með umsókn um leyfi til staðgöngumæðrunar; 21. gr., þar sem fjallað er um þagnarskyldu; og 28. og 29. gr., þar sem fjallað er um varðveislu gagna um staðgöngumæðrun og rétt barna, sem fædd eru af staðgöngumóður, til aðgangs að þeim.

Persónuvernd telur ekki tilefni til athugasemda við einstök ákvæði frumvarpsins. Hins vegar er áréttað að verði frumvarpið samþykkt verður vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer í tengslum við staðgöngumæðrun, að fullnægja grunnkröfum um slíka vinnslu, þ. á m. kröfum 7. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsingar, þar sem mælt er fyrir um skyldu til að gæta sanngirni og meðalhófs, sem og 11. gr. sömu laga um skyldu til að gæta upplýsingaöryggis.

F. h. Persónuverndar,


Helga Þórisdóttir


Þórður Sveinsson



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. nóvember 2015

Umsögn RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016).

RIKK leggst eindregið gegn því að frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verði í lög leitt.

Frumvarpið hefur tekið umtalsverðum breytingum frá því þingsályktunartillaga um málið var fyrst lögð fyrir Alþingi 2010 og tekið hefur verið á ýmsum vanköntum sem blöstu við í fyrri útgáfum. Þrátt fyrir það er það mat RIKK að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, þar sem góðviljuð kona – gefur afnotarétt af líkama sínum í 9 mánuði til meðgöngu og fæðingu barns í velgjörð, til þess að uppfylla óskir og þrár annarra um að eignast börn, geti aldrei verið ásættanleg.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru nú margvísleg ákvæði sem eiga að tryggja rétt staðgöngumóður til þess að halda fullu forræði og ákvörðunarrétti yfir eigin líkama meðan á meðgöngu og fæðingu stendur, sem og til þess að skipta um skoðan hvenær sem er í ferlinu og þá fara í fóstureyðingu eða halda barninu sjálf. Eftir stendur að verði frumvarpið að lögum eykst félagslegur þrýstingur á að fórnfúsar og góðhjartaðar konur gerist staðgöngumæður til þess að auka hamingju annarra, og ganga þannig inni flókin líffræðileg og tilfinningaleg valdasambönd við væntanlega foreldra. Frjálst val konu til þess að ákveða að ganga inni það ferli að gerast staðgöngumóðir, og síðan vald hennar yfir eigin líkama og því afkvæmi sem hún ber undir belt, er rækilega skilyrt. Það byggir á því að hún eyðileggi vonir, væntingar og drauma væntanlegra



foreldra sem hún hefur átt í samskiptum við og gert samkomulag við. Valdi konu í slíkum aðstæðum eru þröngar skorður settar og því tæplega hægt að tala um að hún hafi frjálst val.

Þá byggir skýlaus krafa um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, með ströngum viðurlögum og eftirliti sem á að tryggja að „gæða konan góða“ geti ekki með nokkru móti hagnast á gjörningnum, á lífsseigum mýtum um hina góðu og fórnfúsu konu, sem er tilbúin að leggja eign velferð og hamingu til hliðar til þess að hámarka hamingju annarra. Viðhald slíkra kvenímynnda getur ekki talist valdeflandi fyrir konur og því ekki líklegt til þess að auka jafnrétti kynjanna í samfélaginu.

Loks ber að árétta að verði frumvarpið í lög leitt verður Ísland fyrst Norðurlandanna til þess að lögleiða staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Það er mat RIKK að staðgöngumæðrun sé svo flókið og vandasamt siðferðilegt úrlausnarefni, og að óvissuþættir og álitamál við framgang slíks gjörnings séu enn svo margir, að ekki sé forsvaranlegt að lögleiða frumvarpið. Bent hefur verið á að staðhæfingar um að rannsóknir sýni að staðgöngumæðrun á Vesturlöndum séu vel heppnaðar og án vandamála eru orðum auknar. Hið rétta er að skortur er á langtímarannsóknum á velferð og heilsu staðgöngumæðra. Einnig er skortur á rannsóknum af upplifun þeirra og aðstæðum (Jónína Einar dóttir og Helga Finnsdóttir, 2013). Hér er því tekið undir með Sólveigu Önnu Bóasdóttir (2011), prófessor í guðfræðilegri siðfræði, sem áréttaði að samkennd með fólki sem þráir að eignast barn megi ekki afvegaleiða skynsemi okkar, hvað þá víkja siðferðinu til hliðar.

Eftir að hafa lýst yfir almennri andstöðu við frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni verða nú gerðar efnislegar athugasemdir við einstaka liði þess.

Áherslur á erfðafræðilegan skyldleika

Í frumvarpinu kemur ítrekað fram einkennileg og nokkuð misvísandi afstaða til erfðafræðilegs skyldleika.

Í grein 8. 4. er kveðið á um að hvorki staðgöngumóðir né maki hennar skuli vera systkini, eða skyld í beinan legg, því væntanlega foreldri sem leggur til kynfrumur. Hér er í annan stað verið að forðast að upp komi flókin skyldleikatengsl. Hins vegar er ákvæðinu ætlað að „koma í veg fyrir óæskilegan þrýsting sem talið er líklegra að geti skapast milli blóðtendra aðila en þegar slík tengsl eru ekki fyrir hendi.“ Engar kvaðir eru þó settar fram sem takmarka skyldleika við



verðandi foreldra sem ekki leggja til kynfrumur, en slíkt getur opnar fyrir sterkan félagslegan þrýsing á að ganga með barn fyrir ófrjóa systur eða frænku.

Í 10. grein er fjallað um notkun kynfruma og fósturvísa. Þar er því hafnað að staðgöngumóðir noti eigin kynfrumur, sem þýðir að eingöngu „full staðgöngumæðrun“ sem krefst glasafrjóvgunar, verður leyfð. Rökin fyrir því eru að tilfinningatengsl móður og barns á meðgöngu séu sterkari ef staðgöngumóðir leggur sjálf til eggfrumur. Hér er dregið í efa að líffræðileg tengsl móður og fósturs sé úrslitabáttur sem ræður tengslamyndun á meðgöngu. Í staðinn má túlka áhersluna á „full staðgöngumæðrun“ án erfðafræðilegra tengsla staðgöngumóður og barns, sem svo að litið sé á líkama staðgöngumóður sem hylki – eða útungunarvél – þar sem komið er fyrir frjóvguðu eggjum og síðan beðið átekta í 9 mánuði, án flókinna tilfinningatengsla og eftirmála.

Í 10. grein segir einnig: „Við staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er skylt að nota kynfrumu frá að minnsta kosti öðru væntanlegra foreldra.“ Og í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins segir, um grein tíu:

lagt er til að barn sem verður til við staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni eigi alltaf líffræðilega tengingu við væntanlegt foreldri sem þykir auka líkur á að væntanlegir foreldrar standi við skuldbindingu sína um að ganga barni í foreldrastað.

Í framhaldi af því er svo áréttað:

Af þessari ástæðu stendur staðgöngumæðrun ekki til boða einstaklingi sem ekki getur lagt fram kynfrumu eða pari sem nota þarf bæði gjafasæði og gjafaegg.

Fyrri klausan, um að auka þurfi líkur á að væntanlegir foreldrar standi við skuldbindingar sínar með einhverskonar erfðafræðilegri tryggingu er í hæsta máta einkennileg, og er forvitnilegt að setja hana í samhengi við lög og umræður um ættleiðingar, þar sem erfðafræðilegur skyldleiki er ekki til staðar til þess að tryggja að væntanlegir foreldrar hlaupist ekki undan merkjum.

Því til viðbótar setur krafan um erfðafræðilegan skyldleika af stað ákveðnar hreyfingar á valdajafnværi í parasamböndum, þar sem einungis annar aðilinn getur lagt til sínar kynfrumur. Í gr. 40 þar sem fjallað er um breytingar á barnalögum, hvað varðar yfirfærslu á foreldrastöðu, er hins vegar reynt að girða fyrir slíkan valdamismun. Þannig er reynt að tryggja jafna stöðu beggja



aðila (þótt aðeins annað hafi lagt til kynfrumur) ef væntanlegir foreldrar slíta samvistum, sömuleiðis í tilfellum þar sem annað eða bæði af væntanlegum foreldrum, hætta við og hafna yfirfærslu á foreldrastöðu. Loks er girt fyrir það að væntanlegur faðir, geti höfðað faðernismál, gegn staðgöngumóður, sem hættir við og ákveður að halda barninu sjálf, þótt hann hafi lagt til kynfrumur (sæði).

Krafan um líffræðilega tengingu við væntanlega foreldra leiðir til þess, eins og segir í umsögn um grein tíu, að staðgöngumæðrun stendur „ekki til boða einstaklingi sem ekki getur lagt fram kynfrumu eða pari sem nota þarf bæði gjafasæði og gjafaegg.“

Ef fallist er á réttmæti staðgöngumæðrunar yfirleitt, sem úrlausn fyrir fólk sem glímur við frjósemisvanda, má spyrja hvort hér sé gætt fulls jafnræðis. En svo virðist sem einhleypar konur, sem og jaðarsettir hópar eins og intersex einstaklingar og transfólk, séu hér í sérlega viðkæmri stöðu. Ætla má að einhleyp kona sem óskar eftir staðgöngumæðrun, glími við skerta frjósemi af einhverju tagi (annars myndi hún einfaldlega fara í tæknifjövgun). Gift kona sem glímur við sama vandamál, getur hins vegar fengið lausn á sínum vanda í krafti sæðis frá eiginmanni, á meðan einhleypu konunni virðast allar bjargir bannaðar.

Verði frumvarpið að lögum leggur RIKK því til að vikið verði frá afdráttarlausri kröfu um að væntanlegir foreldrar leggi sjálfir til kynfrumur.

Erlend staðgöngumæðrun

Í 6. grein kemur fram að nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni skuli ákvarða um foreldrastöðu barns sem fæðist í samræmi við erlend lög um staðgöngumæðrun. Í 26. grein er svo nánar fjallað um erlenda staðgöngumæðrun, en þar er skýrt tekið fram að nefndin muni synja um staðfestingu ef erlend staðgöngumæðrun hefur gengið í berhögg við grunnreglur íslensk réttar (og t.d. verið staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni). Í frumvarpinu kemur þó skýrt fram að hagsmunir barnsins skuli ávalt hafðir í forgangi. Í tilfellum þar sem staðgöngumæðrun (í hagnaðarskyni, með t.d. indverskri staðgöngumóður) hefur þegar farið fram erlendis, og barn orðið til, má færa fyrir því gild rök að það sé yfirleitt barninu fyrir bestu að fá að flytja með væntanlegum (íslenskum) foreldrum hingað til lands og verða hér löggildur þegn.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að lögleiðing staðgöngumæðrunar í einstaka löndum, t.d. Bretlandi og Ástralíu, hafi ekki dregið úr aðsókn í þjónustu staðgöngumæðrunar erlendis (sjá Jónína



Einarsdóttir og Helga Finnsdóttir, 2013). Ástæður þess að þör eða einstaklingar sem eiga kost á slíkri þjónustu heima fyrir leita erlendis geta verið margvíslegar. Til dæmis að ekki fáist staðgöngumóðir í heimalandinu, að viðkomandi uppfylli ekki þau skilyrði sem sett eru til þess að leyfi til staðgöngumæðrunar sé veitt, t.d. vegna aldurs eða hjúskaparstöðu (hér á landi gæti krafan um að væntanlegir foreldrar leggi til kynfrumur verið slík hindrun), það að hægt sé að fá betri, hraðvirkari og ódýrari þjónustu erlendis og loks að auðveldara sé að tryggja nafnleynd og varanlega fjarveru erlendra staðgöngumóður úr lífi barns.

Gera má ráð fyrir að lögleiðing staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni, verði til þess að normalisera ferlið sem kærkomna lausn á frjósemisvanda og barnleysi. Í kjölfarið má búast við að tilfellum þar sem væntanlegir foreldrar leita erlendis eftir þjónustu staðgöngumæðra muni fjölga, líkt og gerðist í Bretlandi. Nefnd um staðgöngumæðrun í velferðarskyni hefði ekki aðkomu að slíkum málum fyrr en eftir að barn er komið í heiminn, sem torveldar allt eftirlit og ýtir undir að teygt sé á gildandi reglum og þær sveigðar til.

9. nóvember 2015

Ágæti viðtakandi

Hér á eftir fer umsögn Samtakanna '78 um frumvarp til laga um staðgöngumærðun.

Umsögn Samtakanna '78 um frumvarp til staðgöngumæðrunar

Rétt er að minna á að Samtökin '78 hafa tekið þá afstöðu að taka ekki afstöðu til staðgöngumæðrunar þar sem málið er umdeilt og um hana eru margar mismunandi skoðanir meðal félagsmanna. Samtökin hafa bent á að réttindi eins hóps skulu aldrei ganga á mannréttindi annars. Þó teljum við mikilvægt að tryggj sé að lög um staðgöngumæðrun mismuni ekki, verði þau að veruleika, þá t.d. á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar eða kyneinkenna. Því var farið yfir frumvarpið og hér lögð fram umsögn í þeim tilgangi að koma í veg fyrir mismunun og útilokun (beina og óbeina).

Samtökin '78 gera athugasemdir við 10. grein frumvarspsins sem fjallar um notkun kynfruma og fósturvísa. Þar kemur fram að annað væntanlegra foreldra þurfi að leggja til kynfrumur og að einhleypur einstaklingur þurfi að gera slíkt hið sama. Það getur vissulega verið svo innan hvaða hóps sem er (hinsegin eða ekki) að hvorugur aðili búi yfir kynfrumum sem nýtast til barneigna. Fyrir suma innan þess hóps eru ættleiðingar raunverulegur möguleiki en ekki fyrir aðra. Hinsegin fólk og aðrir hópar (t.d. fatlað fólk) hafa ekkert eða verulega skert aðgengi (eftir atvikum) að ættleiðingum. Að auki eru þessir hópar líklegri til að geta ekki lagt fram kynfrumur. Má þar sérstaklega benda á stöðu transfólks sem hefur farið í gegnum kynleiðréttingarferli, en í mörgum tilfellum útilokar það barneignir og framleiðslu einstaklinga á kynfrumum. Einnig er intersex fólk mjög ólíklegt til að geta lagt fram kynfrumur, í sumum tilfellum vegna aðgerða sem þau hafa sætt sem börn.

[Umboðsmaður barna hefur ályktað](#) að margar af þeim aðgerðum séu mannréttindabrot. Við bendum því á að sá hópur sem er hvað líklegastur til að geta ekki lagt fram kynfrumur er einnig sá hópur sem á hvað erfiðast með aðgengi að ættleiðingum. Á þann hátt mismunar frumvarpið á óbeinan hátt hinsegin fólki.

Rökin fyrir því að annað foreldrið verði að leggja til kynfrumur telja Samtökin '78 afar veik til móts við þá hagsmuni sem raktir hafa verið hér á undan. Í greinargerð með ákvæðinu segir: „Af þessu skilyrði leiðir að lagt er til að barn sem verður til við staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni eigi alltaf líffræðilega tengingu við væntanlegt foreldri sem þykir auka líkur á að væntanlegir foreldrar standi við skuldbindingu sína um að ganga barni í foreldrastað.“ Ekki er vísað til neinna rannsókna sem sýna að fólk sem ekki á annan kost en að fá gefins bæði egg og sáðfrumu sé ólíklegra til að standa við skuldbindingar sínar gagnvart barninu. Frumvarpið er litað af þeirri skoðun að líffræðileg tengsl foreldra við börn sín séu æðri annarskonar tengingum. Samtökin '78 hljóta að mótmæla slíkum ályktunum enda ganga þær í berhögg við hagsmuni fjölmargra félagsmanna okkar. Innan hinsegin samfélagsins eru samsettar fjölskyldur algengar og fjölskyldutengsl verða iðulega til án líffræðilegs skyldleika. Það mikilvægt að kerfið styðji og viðurkenni þess konar tengsl. Frumvarp það sem hér er til umræðu gerir að okkar mati lítið úr þeim og ýtir undir yfirskipun þeirra fjölskylduforma sem mest líkjast hinu gagnkynhneigða sískynja normi þar sem líffræðileg tengsl eru ráðandi, og ýtir um leið undir undirskipun fjölskyldutengsla sem

ekki grundvallast á líffræði. Af þessu leiðir að Samtökin '78 leggjast gegn frumvarpinu í þeirri mynd sem það er nú.

Með bestu kveðju // Best regards

Auður Magnús Auðardóttir

Framkvæmdastýra Samtakanna '78

Executive director, National Queer Organisation



Sálfræðingafélag Íslands
(ICELANDIC PSYCHOLOGICAL ASSOCIATION)

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 11. nóvember 2015

Umsögn Sálfræðingafélags Íslands vegna frumvarps til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál.

Stjórn Sálfræðingafélags Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við greinar 6 og 13 í frumvarpinu:

6. gr. Nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Í greininni er kveðið á um að í nefndinni skulu sitja lögfræðingur, læknir og sálfræðingur eða félagsráðgjafi og þess gætt að nefndarmenn hafi sérþekkingu á þeim málefnum sem nefndin fjallar um. Ennfremur „Hlutverk nefndarinnar er að veita leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni. Nefndin skal sjá til þess að þeir sem sækja um staðgöngumæðrun eigi aðgang að faglegri ráðgjöf sérfræðinga, svo sem lögfræðinga og félagsráðgjafa eða sálfræðinga.“

Þegar er rætt nánar um 6. gr. er m.a. tekið fram „... að tryggja eftir fremsta megni að barn fái að lifa og þroskast við örugg, uppbyggjandi og þroskavænleg skilyrði. Flestir eru sammála um nokkur lykilsjónarmið sem þykja til þess fallin að tryggja börnum þroskavænlegar uppeldisaðstæður. Börn hafi þannig meðal annars þörf fyrir tryggja umönnun, jákvæð tengsl, stöðugleika og öryggi. Til að tryggja að barn, sem til verður við staðgöngumæðrun, alist upp við bestu mögulegu aðstæður er mikilvægt að kanna andlega og líkamlega heilsu allra aðila, sem og fjárhagsstöðu og félagslegar aðstæður, svo að hægt sé að meta hvort þessir aðilar geti uppfyllt skyldur sínar sem foreldrar. Umsækjendur skulu í fyrsta lagi vera svo andlega og líkamlega heilsuhraustir að tryggt sé, eftir því sem unnt er, að þörfum barns sem verður til við staðgöngumæðrun sé mætt. Því mega umsækjendur ekki vera haldnir sjúkdómi eða þannig á sig komnir að það dragi úr lífslíkum þeirra á þeim tíma þar til barn verður sjálfráða, eða minnki möguleika þeirra til að annast vel um barn.“

Athugasemd: Lagt er til að kveðið verði um að í nefndinni sitji alltaf sálfræðingur, óháð því hvort félagsráðgjafi sé einnig í nefnd. Sálfræðingar eru sú fagstétt sem best er til þess fallin að meta andlega heilsu aðila og væntanleg uppeldisskilyrði barna fyrir ákvörðun nefndar og

veita faglega ráðgjöf þegar ákvörðun hefur verið tekin. Þessu til stuðnings má benda á að mat sálfræðinga er t.d. orðið nauðsynlegur hluti mats á forsjá foreldra sem fara fyrir dóm.

13. gr. Ráðgjöf.

Nánar um 13. gr. Sérfræðingar í ráðgjöf um tæknifrjóvgun hafa mælt með að ráðgjöf félagsráðgjafa eða sálfræðinga sé í boði í gegnum allan feril staðgöngumæðrunar. Auk þeirra gagna sem frumvarpið gerir ráð fyrir að aflað hafi verið og gengið frá er gert ráð fyrir að nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni feli fagaðila, t.d. félagsráðgjafa eða sálfræðingi sem nefndin ræður, að gefa umsögn um hagi og aðstæður umsækjenda um staðgöngumæðrun. Hlutverk fagaðilans er fyrst og fremst að gefa umsögn um hvort staðgöngumóðir og maki hennar og væntanlegir foreldrar uppfylli skilyrði 4. gr. frumvarpsins um hagsmuni barnsins. Gert er ráð fyrir að fagaðilinn fari yfir gögn og taki viðtöl við umsækjendur um fyrirhugaða staðgöngumæðrun, þar sem meðal annars verði ræddar ástæður þess að umsækjendur leita úrræðisins, rætt um menntun, störf og áhugamál umsækjenda, þarsambandið, persónulega eiginleika þeirra og afstöðu til barna og uppeldis og aðra þætti sem varða félagslegar og fjárhagslegar aðstæður þeirra sem og líkamlega og andlega heilsu.

Tillaga: Hér vill Sálfræðingafélag Íslands undirstrika að sálfræðingar hafa meðal fagstétta bestan faglegan grunn í að meta flesta þá þætti sem hér eru taldir upp. Því er lagt til að í stað orðalagsins: „t.d. félagsráðgjafa **eða** sálfræðingi sem nefndin ræður“ verði orðalaginu breytt í: „félagsráðgjafa **og** sálfræðingi sem nefndin ræður“.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar

Sálfræðingafélags Íslands



Hrund Þrándardóttir

formaður

Umsögn um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Siðfræðistofnun þakkar tækifæri til að koma með athugasemdir við frumvarp um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni. Margt er vel útfært í frumvarpinu sem hér liggur fyrir og vill stofnunin sérstaklega fagna því að gert sé ráð fyrir að ekki verði lengur heimilt að leyna kynfrumugjafa fyrir barni heldur réttur þess til að þekkja líffræðilegan uppruna sinn að fullu virtur. Ólíkt því sem áður hefur verið gert í löggjöf um tæknifrjóvgun er hér leitast við að vernda hagsmuni barnanna sérstaklega.

Siðfræðistofnun hefur þó margt við þetta mál að athuga. Í þessari umsögn verða einkum ræddar almennar athugasemdir tengdar frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun fremur en einstakar greinar þess.

- **Ekki er líklegt að það frumvarp sem hér er sett fram muni ná að svara þeirri eftirspurn sem er og verður eftir þjónustu staðgöngumæðra.** Umræðan um staðgöngumæðrun kom upphaflega fram vegna þrýstings til að leysa vanda para/hjóna sem ekki hafa getað átt barn í tilvikum þar sem konan getur ekki gengið með barn. Á undanförunum árum hefur komið æ skýrar fram að sá hópur sem telur sig vera í þörf fyrir þessa þjónustu einskorðast ekki við þennan hóp. Aðrir sem telja sig hafa þörf fyrir þjónustuna eru t.a.m. samkynhneigðir karlmenn og einhleypir karlmenn. Gera má ráð fyrir að eftirspurn frá þessum hópum fari vaxandi. Reynsla annarra þjóða eins og Breta t.a.m. sýnir að eftir að staðgöngumæðrun var leyfð jókst til muna eftirspurn og þörf fyrir þjónustu staðgöngumæðra. Þetta leiðir af sér þá mótsagnarkenndu niðurstöðu að það að heimila staðgöngumæðrun gæti leitt til þess að ófullnægð þörf yrði enn meiri eftir að löggin koma fram en hún er nú.
- **Mikilvægt er vinna með löggjöf um staðgöngumæðrun í samstarfi við önnur ríki og best ef hægt væri að setja almennar reglur sem hefðu alþjóðlega skírskotun.** Vandur tengdur staðgöngumæðrun sem lítill gaumur er gefinn í þessu frumvarpi eru mál sem koma upp vegna þess að löggjöf einstakra ríkja um þetta efni er ólík. Jafnframt opnar netið á samskipti og þjónustu þar sem landamæri eru óljós. Fólk fer á milli staða til að freista þess að eignast barn með staðgöngumæðrun í ríkjum þar sem slíkt er leyft og kemur síðan heim með börnin. Í slíku umhverfi er oft óljóst hver er lagaleg móðir og lagalegur faðir hins nýfædda barns. Jafnframt er ríkisborgararéttur barnsins í uppnámi. Vegna alþjóðlegra brotamála tengdum markaði með börn er mikilvægt að lög og reglur sem lúta að þessu efni séu skýrar og virtar. Skapa mál tengd þessu mikinn vanda í fjölda landa þar á meðal á Íslandi. Lögð hefur verið áhersla á það að ríki reyni að samræma löggjöf sína í þessum efnunum svo auðveldara verði að bregðast við vanda sem skapast þegar börn eru flutt milli landa sem fæðst hafa í löndum þar sem foreldraábyrgð og reglur um ættleiðingar og staðgöngumæðrun eru ólíkar okkar lögum og reglum. Betra væri því að vera í samfloti með Norðurlöndum við breytingar á lagaumhverfi á þessu sviði. Á þetta atriði var sérstaklega bent í umsögn Siðfræðistofnunar 16. nóvember 2011.


Siðferðilegar áskoranir tengdar staðgöngumæðrun eru fjölmargar. Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé leitast við að taka á þeim fjölmörgu siðferðilegu álitaeftum sem fylgja því að leyfa staðgöngumæðrun verða þau eftir sem áður fjölmörg. Það verður mikil áskorun að framkvæma lögin á þann máta að ekki verði brotið á rétti neinna við framkvæmdina. Hér verða einungis taldir upp málaflokkar þar sem mögulegt er að slíkt geti gerst. Listinn er ekki tæmandi:

- Möguleg markaðsvæðing á ferlinu og þá ýmist tengt sölu barna eða tengt sölu eða leigu á líkama kvenna.
- Hugsanleg kúgun á aðilum í ferlinu og er þá staðgöngumóðirin yfirleitt sá aðili sem er viðkvæmastur fyrir slíku.
- Ef lítið er á þjónustu af þessum toga sem gæði eða jafnvel heilbrigðisþjónustu þá er mikilvægt að huga að því hvernig aðgengi að þessum gæðum er dreift. Ljóst er að slíkt er flókið og erfitt gæti reynst að fá samstöðu um hverjir eigi að njóta forgangs.
- Velferð barns og velferð annarra sem tengjast staðgöngumóður. Lítið er vitað um afstöðu og sjálfsskilning þeirra sem fæddir eru af staðgöngumóður. Vísbendingar má þó fá frá blogg síðum unglinga sem hafa þessa reynslu og með því að yfirfæra reynslu þeirra sem hafa verið ættleiddir. Full ástæða er til að fylgjast með líðan barnanna á fullorðinsárum og gefa þessum röddum gaum. Einnig má benda á flókna upplifun annarra en þeirra sem beint koma að ferlinu. Má þar nefna stöðu barna staðgöngumóður (systkina?) eða jafnvel foreldra hennar(afar/ömmur?).
- Vandí tengdur foreldraábyrgð og foreldraskilningi, hvað merkja hugtökin móðir og faðir, hvernig upplifa aðrir fjölskyldumeðlimir tengsl við það barn sem fæðist?
- Vandasamt er fyrir heilbrigðiskerfið að vinna með staðgöngumæðrun. Í senn er þessi lausn meðferð en jafnframt er hún meðganga og fæðing barns. Hér verður staðgöngumóðir í þeirri stöðu að vera bæði sjúklings og meðferð við ófrjósemi. Hér er mikilvægt að ekki komi fram árekstrar sem jafnvel gætu sett samband læknis og sjúklings í ákveðið uppnám.
- Þá er vert að hafa í huga að enn sem komið er þekking á lífræðilegum og sálfræðilegum áhrifum meðgöngu á barn takmörkuð svo og þekking á áhrifum meðgöngu á konuna.

Í dag eru í gildi lög um tæknifrjógungun sem banna staðgöngumæðrun. Siðfræðistofnun hefur í umræðu um staðgöngumæðrun lagt áherslu á að varlega verði farið í að heimila staðgöngumæðrun, til að mynda í umsögnum um þingsályktun frá árinu 2011. Nú þegar frumvarp liggur fyrir, ítrekar stofnunin þessa afstöðu sína.

Reykjavík, 3. desember 2015

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
forstöðumaður



Reykjavík 12. Nóvember 2015

B.t.: Velferðarnefndar Alþingis

Staðgöngumæðrun Umsögn

Efni: umsögn um mál 229, á 145. löggjafarþingi: frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyndi
Sendandi: Staðganga, stuðningsfélag.

Staðganga, stuðningsfélag staðgöngumæðrunar á Íslandi, fagnar því að loks séu tilbúin drög að frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyndi.

Staðganga vill ítreka og benda á að það eru ekki mannréttindi að eignast barn eins og umræðan hefur gjarnan og ranglega snúist um. Staðgöngumæðrun snýst alfarið og eingöngu um rétt kvenna til að vera staðgöngumæður af fúsum og frjálsum vilja ef þær svo kjósa, óháð fordómum og forræðishyggju. Réttur verðandi foreldra snýst eingöngu og alfarið um að mega þiggja slíka aðstoð ef hún býðst. Hér vitnum við óbeint í Karen Busby lagaprófessor.

Í meginráttum lýsum við okkur sammála þeim drögum sem hér hafa verið lögð fram til umsagnar. Þó viljum við gera athugasemdir og þankastrik við eftirfarandi greinar frumvarpsins.

II. KAFLI

8. gr.

Skilyrði er varða staðgöngumóður og maka hennar

Liður 2

Í þessari grein teljum við að sé búið að útiloka þær konur sem hafa t.d. verið við nám erlendis. Getur staðgöngumóðir, sem er íslenskur ríkisborgari, fædd og uppalin á Íslandi ekki verið staðgöngumóðir fyrr en fimm árum eftir að hún flytur aftur til landsins eftir að hafa verið við nám erlendis? Þetta eru helstu barneignarár kvenna sem kannski missa af tækifærinu vegna þessa ákvæðis. Þó skal tekið fram að við teljum sjálfsgagt að takmarka þessa undanþágu við konur sem eru íslenskir ríkisborgarar, þar sem að nokkuð öruggt þykir að konur sem mögulega (en þó afar ólíklega) gætu verið fluttar hingað óviljugar til að vera staðgöngumæður séu ekki íslenskir ríkisborgarar. Þá þykir okkur að rétt sé að miða við kröfur Útlendingastofnunar vegna dvalarleyfis og atvinnuleyfis fyrir erlenda ríkisborgara fremur en handahófskennda 5 ára reglu.

Liður 4

Við teljum að þetta ákvæði sé brot á jafnræðisreglunni og getum með engu móti séð hvaða rök styðji tilurð þess. Geta einungis þær konur, aðrar en systur, mágkonur eða mæður kynfrumueiganda tekið sjálfstæða ákvörðun um hvort þær vilja vera staðgöngumæður eður ei? Við bendum á að fagfólk hér á landi sem og erlendir sérfræðingar hafa mælt með því að nán fjölskyldu- og/eða vinatengsl séu á milli þessara tveggja para, staðgöngumóður og maka hennar og hinna væntanlegu foreldra (sjá t.a.m. áfangaskýrslu vinnuhóps heilbrigðisráðherra (2010)).

Þá eru ekki slíkar hömlur varðandi kynfrumugjafir í tæknifrjóvgunarlögum, þar mega systkini gefa hvort öðru kynfrumu, þ.e. kona getur gengið með barn sem er erfðafræðilega barn systur hennar og maka. Enda teljum við það fullkomlega réttlætanlegt, sérstaklega í ljósi þess að með þeim hætti verður barnið eins líkt foreldrum sínum og mögulegt er ef notast er við gjafakynfrumu sem stendur hvað næst verðandi foreldrum í genamenginu.

Ef þessi liður er tilkominn vegna einstaks eða einstakra þekktra tilfella erlendis teljum við slíkt óhæft með öllu þar sem einstök og afar sjaldgæf tilfelli eigi ekki að hafa svo afgerandi áhrif á frumvarpsgerð af þessu tagi. Ef slíkt væri réttlætanlegt þá væri kynfrumugjafir og líffæragjafir t.a.m. með öllu bannaðar vegna einstaka tilfella þar sem ekki fór eins og stefnt var að.

Aukinheldur þekkjum við ekki til neinna fagrannsóknna sem stutt gæti þessa takmörkun á lagalegum né faglegum forsendum. Það er nauðsyn að sýna framá það með afgerandi hætti að umræddar konur, systur, mæður og mágkonur séu lakari kostur með tilvísan í fagrannsóknir ef setja á svo afgerandi takmarkanir í lög.

Eðlilegra væri að ætla að félagsráðgjafi væri jafn fær í að meta hæfni t.d. systur í þessu ferli sem og öðru er varðar frjósemisaðstoð.

Liður 5

Hér teljum við um skýrt brot á jafnræðisreglunni að ræða m.t.t. tæknifrjóvgunar almennt. Staðgöngu þykir engin ástæða til að hafa aldursmörk staðgöngumóður önnur en miðað er við í starfi Art Medica við almenna tæknifrjóvgun, svo framarlega sem öllum öðrum skilyrðum sé fullnægt.

9. gr.

Skilyrði er varða væntanlega foreldra

Í þessari grein er tvisvar talað um "ef sérstaklega stendur á" (til að veita einstaklingum leyfi til staðgöngumæðrunar og um búsetutíma væntanlegra foreldra hér á landi). Munu þessar sérstöku aðstæður vera skilgreindar í lögunum eða greinargerð með þeim?

Liður 2

Staðganga virðir það að staðgöngumóðir þurfi að hafa allan rétt sín megin á meðgöngu og við fæðingu en þykir samt rétt að benda á að hér er verið að gera samkomulag sem eingöngu er bindandi fyrir annan aðilann og hvergi er kveðið á um að staðgöngumóðir og hennar maki skuli skuldbunda sig til að sækja um yfirfærslu á foreldrarétti en geta gert það ef væntanlegir foreldrar hverfa/falla frá.

Liður 3

Staðganga gerir einnig athugasemd við aldursmörk væntanlegra foreldra og bendir enn á jafnræðisregluna í því samhengi m.t.t. tæknifrjógunar. Í vinnulagi Art Medica er miðað við að kona sé ekki eldri en 50 ára þegar hún fæðir barn. Aldurstakmörk fyrir karlmenn eru hins vegar engin.

10. gr.

Notkun kynfruma og fósturvísa

Staðganga telur að fjöldi fósturvísa skuli, að fengnu samþykki allra aðila, fara eftir vinnureglum heilbrigðisstofnunar sem hefur leyfi til tæknifrjógana, hér Art Medica, og bendir aftur á að hér er misræmi í reglum við aðra sem þurfa á kynfrumugjöf að halda.

III. KAFLI

12. gr.

Gögn sem fylgja eiga umsókn

Staðganga telur óeðlilegt og óásættanlegt að gera ríkari kröfur um kringumstæður tilvonandi foreldra við staðgöngumæðrun en við aðra frjósemisaðstoð t.a.m. eggjagjöf og tæknifrjögun. Tilvonandi foreldrar barna er fæðast með hjálp staðgöngumóður eiga ekki að þurfa að ættleiða eigið líffræðilega barn en í þessum drögum er gert ráð fyrir að að barnið fæðist til eins blóðforeldris hið minnsta.

15. gr.

Form og efni samþykkis

Hér á Staðganga erfitt með að lesa mili línanna hvernig ferlið er. Þarf nefndin að staðfesta að fyrri umsókn til hennar hafi verið samþykkt áður að hægt sé að sækja um til nefndarinnar aftur?

18. gr.

Mat nefndar um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Hvað er virkt ættleiðingarferli? Er það að hafa fengið forsamþykki og vera á biðlista sem í dag getur verið allt að áratugur? Eða er það að vera í ferlinu til forsamþykkis? Við teljum takmarkanir af þessum toga ekki vera réttlætanagerar né sjáum hvað lagt er þar til grundvallar. Ættleiðingarferli getur tekið allt að áratug, EF það gengur eftir. Eins er alls ekki víst að staðgöngumæðrunarferlið gangi eins og óskað er og því afar ósanngjarnt að stilla viðkomandi þannig upp við vegg og þurfi að velja annað hvort.

19. gr.

Leyfi til staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni

Hér telur við að það þurfi að vera afar skýrt að ekki sé nóg að nefndin telji að aðstæður væntanlegra foreldra hafi breyst eða upplýsingar reynist rangar til að hún geti afturkallað leyfi heldur þurfi hún að geta sýnt fram á það með óyggjandi hætti. Annars væri nóg fyrir óprúttna aðila að tilkynna væntanlega foreldra fyrir eitthvað sem kannski reynist svo ekki rétt.

IV. KAFLI

22. gr.

Foreldri barns við staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Staðganga styður það að staðgöngumóðirin sé skráð móðir barnsins við fæðingu vegna skilgreiningar móðurhlutverksins skv. lögum en bendir á að það sé ekki það sem staðgöngumæðrunar vilja. Rannsóknir

hafa sýnt að slíkt samræmist ekki væntingum staðgöngumæðra til hlutverks síns í ferlinu. Rétt hvers er þá verið að vernda með slíku ákvæði? Það er yfirlýst markmið staðgöngumóðurinnar að ganga með og fæða í heiminn barn fyrir aðra sem eiga þess ekki kost sjálfir en ekki að eignast annað barn sjálf og hvað þá barn sem er líffræðilega annarra.

Staðganga mótmælir því hins vegar harðlega að maki staðgöngumóður sé skráður faðir/foreldri barnsins við fæðingu. Það er fullkomlega ljóst að viðkomandi lagði ekki til erfðaefni og hefur ekki í huga að ala barnið upp. Þá þyrfti að vera hér a.m.k. möguleiki fyrir væntanlega foreldra að höfða faðernismál ef staðgöngumóður og maka hennar snýst hugur, sem í dag er ekki mögulegt vegna pater est reglunnar. Tekið skal fram að pater est reglan var sett fram til hagræðingar við feðrun barna við hefðbundnar kringumstæður sem staðgöngufertið er alls ekki. Staðganga telur að þetta ákvæði stríði gegn hagsmunum barnsins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður skýrt á um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Annaðhvort er alltaf mikilvægt að leggja áherslu á rétt barn til að þekkja uppruna sinn eða ekki. Hentistefna er ekki rétt stefna þegar kemur að réttindum barna.

V. KAFLI

27. gr.

Um upplýsingaskyldu forelda

Staðganga bendir hér enn og aftur á jafnræðisregluna og telur afar óeðlilegt að gera mismunandi kröfur til aðila sem þurfa að á aðstoð staðgöngumóður að halda til að eignast barn og aðilum sem þurfa á annars konar frjósemisaðstoð að halda til að eignast barn, eins og t.d. tæknifrjóvgun og/eða eggjagjöf. Við ítrekum þó að Staðganga er ekki hlynnt því að foreldrar leyni börn því hvernig þau komu til, þvert á móti. Hins vegar þarf að breyta lögum um tæknifrjóvgun til að gera aðilum jafnt undir höfði.

Við gerum okkur grein fyrir því að börn þroskast misjafnlega og því er ákv. aldur í þessu tilliti ankanalegur. Erlendar rannsóknir sýna að enginn einn ákveðinn aldur hefur ráðið því hvenær foreldrar stíga þetta skef enda þvinguð upplýsingagjöf í staðgöngumæðrun ekki reglan allajafna. Rannsóknir hafa sýnt að alla jafna eru börn fædd af staðgöngumóður upplýst um hvernig þau eru til komin fyrir sjö ára aldur og miklu frekar en börn sem fædd eru með aðstoð eggja- eða sæðisgjafa (Golombok, S.).

29. gr.

Upplýsingarréttur barns

Staðgöngu þykir hér eðlilegt að miða við sjálfræðisaldur sem er 18 ár.

VI. KAFLI

31. gr.

Auglýsingar um staðgöngumæðrun

Staðgöngu þykir eðlilegt að heilbrigðisstofnun sem hefur tilskilin leyfi til að framkvæma staðgöngumæðrun megi auglýsa eftir staðgöngumæðrum og bendir enn og aftur á jafnræðisregluna og auglýsingar er varða t.a.m. eggjagjafir.

33. gr.

Staðgöngumæðrun yfir landamæri

Staðganga hefur ekki fagþekkingu í alþjóðlegum rétti og viðurkennir að þetta eru flókna kringumstæður. Við höfum engu að síður margar athugasemdir við neðstu málsgrein þessarar greinar.

Þegar talað er um grunnreglur íslensk réttar, er þá verið að vísa í þetta frumvarp ef að lögum verður?

Mun fólki sem greitt hefur fyrir aðstoð staðgöngumóður erlendis, með leiðum sem eru löglegar á þeim stað sem fólkið dvelur, verða refsað, jafnvel þótt það uppfylli öll skilyrði laga á þeim stað sem staðgöngumæðrunin fer fram? Jafnvel þó að um sé að ræða vestrænt ríki þar sem engin ástæða er til að

ætla annað en að kona taki upplýsta ákvörðun og ferlið sé undir leiðsögn klíníku eins og fagrannsóknir hafa sýnt að á við um t.d. Bandaríkin?

Staðganga telur það stríða gegn hagsmunum barnsins að það komi hingað til lands nýfætt og foreldrar þess séu fangelsaðir allt að í þrjú ár? Eru báðir foreldrar látnir sæta refsingu eða bara annað? Munu stjórnvöld sækjast eftir því að refsa líka erlendri staðgöngumóður og maka hennar? Er það hagur barnsins að vera í forsjá barnavemdaryfirvalda þegar það hefur kannski tvo fullfæra foreldra sem standast allar aðrar kröfur laganna?

Staðganga telur íslenskum stjórnvöldum ekki lagalega stætt á að hafna lagalegum forsendum annarra ríkja og hegna borgurum sínum fyrir það sem þeir gera utan landamæra Íslands ef verknaðurinn er löglegur í því tiltekna landi.

Ekki þykir þörf á að hafa hegningarákvæði hvað varðar annars konar frjósemisaðstoð nema sem varðar að hámarki þremur mánuðum. Við teljum það ótækt að mismuna frjósemisúrræðum með þessum hætti.

34. gr.

Refsingar

Geta allir fjórir aðilar fengið fangelsisdóm? Hvað með nefndina sem veitir leyfin? Hvað með Art Medica og starfsfólk þess? Verður hægt að skipta refsingum eins og fæðingarorlofi, móðir tekur eitt ár í fangelsi, faðir eitt ár og sameiginlegt eitt ár? Glæpavæðing frjósemisúrræðis með þessum hætti er bæði ógeðfæld og mismunandi og ætti að jöfnu að taka til annarra frjósemisúrræða t.d. eggjagjafa og/eða líffæragjafa einnig ef það er vilji löggjafarvaldsins að fara þá leið.

VI. KAFLI

38. gr.

Gildistaka

Lögin munu fyrst taka gildi eftir rúmt ár. Er gert ráð fyrir því eftir að lögin hafa verið samþykkt að fólk sem er komið á aldur á því ári sem gæti liðið frá því að lögin eru samþykkt og þangað til þau öðlast gildi, geti hafið ferli þegar lögin verið samþykkt? Eða munu þeir aðilar ekki geta nýtt sér lagarammann? Mega aðilar byrja að gera fósturvísa til staðgöngumæðrunar og frysta á þessum tíma? Við minnum á að hér getur heilt ár t.d. gert gæfumuninn í því hvort að fólk getur notað sínar kynfrumur eða ekki.

Að endingu vill Staðganga lýsa sig til reiðubúna til samstarfs og upplýsingaöflunar ef nefndin óskar.

F.h. stjórnar Staðgöngu stuðningsfélags,
Soffía Fransíska Rafnsdóttir Hede
Talsmaður Staðgöngu

Netfang: talsmadur@stadganga.com
Farsími: 772 7348

Reykjavík 13. nóvember 2015

Athugasemdir Tilveru, samtaka um ófrjósemi, við frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Stjórn Tilveru þykir frumvarpið vel unnið og ljóst að margar athugasemdir og umsagnir þeirra sem hlut eiga að máli hafa verið virtar og teknar til greina. Vel er rökstutt hvers vegna þær leiðir sem lagðar eru fram eru valdar og finnst okkur markmið laganna, þ.e.

að stuðla að vandaðri framkvæmd staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni til að tryggja hag allra þeirra sem eiga í hlut, nást að mestu leyti með þessu frumvarpi.

Við höfum eftirfarandi athugasemdir:

1. Skv. 4 mgr. 8. gr. má staðgöngumóðir ekki vera skyld foreldrunum og ekki má heldur fá gjafakynfrumur frá skyldmenni. Þetta finnst okkur að þurfi að endurskoða því lög um tæknifrjógvanir banna ekki gjafakynfrumur skyldmenna, nema væntanlega í þeim tilfellum sem um t.d. kynfrumur systkina væri að ræða til að búa til fósturvísi. Að sama skapi ætti ekki að banna að staðgöngumóðir sé skyld. Góð vinkona getur verið alveg jafn tengd og hagur barns er alls ekki frekar tryggður ef tengsl eru engin.

2. Í 10 gr. er vísað í lög um tæknifrjógvanir varðandi geymslu á fósturvísunum. Í þessari grein myndum við vilja að vísað væri til tæknifrjógvanarlaga varðandi öll atriðin sem nefnd eru hér.

3. 17. gr. Hér má bæta við kostnaði sem kæmi til með að falla á staðgöngumóður innan við t.d. 6 mánuðum eftir fæðingu barns ef um fylgikvilla fæðingar væri að ræða, svo sem sjúkrabjálfun eða annað slíkt. Þótt fæðingu barns sé lokið getur ýmislegt hrjáð móðurina sem fæddi barnið og að henni þarf að hlúa.

Við í stjórn Tilveru vonumst til þess að frumvarpið verði að lögum sem fyrst á árinu 2016 því það er raunveruleg þörf á þessu úrræði fyrir ákveðin hóp þeirra sem ekki geta eignast börn og eru sumir hverjir að renna út á tíma m.v. skilgreiningu frumvarpsins.

Með vinsemd og virðingu,
Stjórn Tilveru



VÍSINDASIÐANEFND

Borgartúni 21 - 4. hæð
105 Reykjavík,

Sími: 551 7100, Bréfsími: 551 1444

netfang: vsn@vsn.is www.vsn.is

Alþingi
Skrifstofa Alþingis nefndarsvið
Kristjana Benediktsdóttir, skjalavörður
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. janúar 2016

Tilv.: VSNb2016010005/04.01

Efni: Velferðarnefnd Alþingis óskar umsagnar um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni, 229. mál.

Berist á netfangið nefndarsvid@althingis.is

Vísað er til erindis velferðarnefndasviðs Alþingis sem barst Vísindasiðanefnd með tölvupósti dags., 7. janúar 2016. Í lögum nr. 44/2014 segir í 10. gr. að „Vísindasiðanefnd h[afi] það hlutverk að meta vísindarannsóknir á heilbrigðissviði í þeim tilgangi að tryggja að þær samrýmist vísindalegum og siðfræðilegum sjónarmiðum.“

Það er mat nefndarinnar að frumvarp til laga um staðgöngumæðrun falli ekki undir verksvið nefndarinnar.

Vísindasiðanefnd þakkar málaleitan velferðarnefndasviðs Alþingis en sendir ekki frá sér umsögn um frumvarpið.

Með kveðju,
f.h. Vísindasiðanefndar,

Kristján Erlendsson, læknir, formaður



Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. nóvember 2015

Tilvísun ÞÍ: 2015102793/5.0

Tilvísun sendanda: 229. mál

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um frumvarp til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni

Við er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis dags. 23. október sl., þar sem Velferðarnefnd Alþingis óskar eftir umsögn frá Þjóðskrá Íslands vegna frumvarps til laga um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Hér á eftir fer umsögn Þjóðskrár Íslands.

Almennar athugasemdir

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að staðgöngumóðir gangi með og fæði barnið og að hún teljist móðir barnsins sem hún elur samkvæmt ákvæðum barnalaga, sbr. 7. tl. i) liðar almennra athugasemda frumvarpsins. Maki hennar, sé hann til staðar, teljist faðir eða foreldri barnsins. Rétt þykir í þessu sambandi rétt að vekja athygli á dómi héraðsdóms Reykjavíkur frá því í sumar vegna staðgöngumæðrunar sem fór fram erlendis. Í honum kemur fram að í settum íslenskum lögum sé ekki að finna almennar reglur um ákvörðun móðernis enda hafi löngum verið gengið út frá því að móðerni lægi svo í augum uppi að slíkar reglur væru óþarfar (*mater semper certa est*). Í forsendum dómsins kemur jafnframt fram að skráning móðernis grundvallist ekki fortakslaust á upplýsingum um fæðingarmóður og að viðurkennt sé að móðerni geti skapast með öðrum hætti en með meðgöngu og fæðingu barns.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að áfram verði óheimilt að leita eftir að gera ráðstafanir til að nýta sér staðgöngumæðrun í útlöndum, sbr. 13. liður almennra athugasemda. Hins vegar er jafnframt gert ráð fyrir staðgöngumæðrun í útlöndum, þ.e. lagt er til að óheimilt verði að leita eftir eða gera ráðstafanir til að nýta sér staðgöngumæðrun í útlöndum *sem uppfyllir ekki skilyrði laganna* að viðlagðri refsingu. Tekið er fram að líklegt sé að erlendir dómur og ákvarðanir um yfirfærslu á foreldrastöðu í kjölfar staðgöngumæðrunar í velgjörðarskyni muni ekki sjálfkrafa þykja stangast á við allsherjarreglu og verði því viðurkenndir hér á landi. Er nefnd um staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni falið að úrskurða um foreldrastöðu barns sem fæðist í samræmi við erlend lög um staðgöngumæðrun. Að mati Þjóðskrár Íslands getur þetta ósamræmi skapað ákveðna óvissu um hvað sé heimilt vegna erlendra staðgöngumæðrunar.



Athugasemdir við einstaka greinar

Um 7. gr.

Í ákvæðinu er gert ráð fyrir að staðgöngumæðrun verði einungis heimiluð á heilbrigðisstofnun sem fengið hefur leyfi ráðherra til að framkvæma tæknifrjóvganir. Gerð er athugasemd um hvort það ákvæði gangi upp í þeim tilvikum þar sem gert er ráð fyrir staðgöngumæðrun sem fer fram erlendis og er í ákveðinni mótsögn við 26. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í athugasemdum við 16. gr. segir að þar sem staðgöngumóðir telst móðir barns fram að yfirfærslu á foreldrastöðu, og maki hennar faðir eða foreldri þess, fari þau með forsjá barnsins fram að yfirfærslu á foreldrastöðu nema um annað sé samið samkvæmt barnalögum. Einnig er tekið fram að ef væntanlegir foreldrar taka við umsjá barns áður en kemur að yfirfærslu á foreldrastöðu sé mikilvægt að ræða hver muni hafa heimildir til að taka ákvarðanir svo sem um eiginnafn barnsins, lögheimili þess o.fl. Lögð er á það áhersla að hér sé einungis um viljayfirlýsingu að ræða en ekki bindandi samning eða samkomulag milli aðila. Spyrja má hvaða tilgang slíkar yfirlýsingar hafa ef rétturinn um slíka ákvörðunartöku er á endanum ávallt hjá staðgöngumóður og maka hennar sbr. og 24. gr. frumvarpsins.

Um 25. gr.

Í athugasemdum er tekið fram að þar sem staðgöngumóðirin teljist ávallt móðir barnsins sem hún elur verði alltaf um svokallaða ex-poste yfirfærslu á foreldrastöðu að ræða, þ.e. að yfirfærslan fari fram eftir fæðingu barns. Í sumum löndum þekktist hins vegar svokölluð ex-ante yfirfærsla, þ.e. gengið er frá því fyrir fæðingu, t.d. með samningi eða úrskurði dómara, að væntanlegir foreldrar teljist foreldrar barnsins strax við fæðingu þess. Fyrst gert er ráð fyrir erlendri staðgöngumæðrun í frumvarpinu myndi það þá ekki fela það í sér að viðurkenna þarf einnig ex-ante yfirfærslu?

Í athugasemdunum er jafnframt tekið fram að nauðsynlegt sé að tryggja leið til að viðurkenna foreldrastöðu barns sem fædist erlendis. Spyrja má hvort það yrði háð mati hverju sinni í hvaða tilvikum slíkt yrði leyft og hvort ekki ætti hreinlega að ganga lengra með frumvarpinu og leyfa erlenda staðgöngumæðrun uppfylli hún kröfur nefndarinnar og sé í velgjörðarskyni? Á margan hátt yrði slíkt fyrirkomulag gegnsærra og tryggði hugsanlega betur jafnræði íslenskra foreldra ef þeir kjósa af einhverri ástæðu, t.d. vegna smæðar landsins að leita eftir staðgöngumæðrun erlendis frá.

Um 31. gr.

Með ákvæðinu er lagt bann við auglýsingum vegna staðgöngumæðrunar. Bent er á að nú þegar hefur það tíðkast að auglýsa eftir gjafaegggi og má því velta fyrir sér hversu raunhæft þetta ákvæði getur verið í framkvæmd.

Um 33. gr.




Í greininni er lagt bann við, að viðlagðri refsingu, að leita eftir að gera ráðstafanir til að nýta sér staðgöngumæðrun í útlöndum þar sem fyrirkomulag staðgöngumæðrunar uppfyllir ekki skilyrði laganna. Einnig verði óheimilt að hafa hér á landi milligöngu um staðgöngumæðrun í útlöndum. Eins og áður hefur komið fram vakna upp spurningar hvort ákvæði um bann við milligöngu um staðgöngumæðrun í útlöndum gengur upp gagnvart öðrum ákvæðum frumvarpsins sem gera ráð fyrir staðgöngumæðrun í útlöndum.

Um 40. gr.

Í greinargerð með 40. gr. er tekið fram að foreldrastaða barns sé ekki það sama og forsjá þess eða umönnun. Vill stofnunin vekja athygli á að í athugasemdum við 16.gr. kemur fram að þar sem staðgöngumóðir telst móðir barns fram að yfirfærslu á foreldrastöðu, og maki hennar faðir eða foreldri þess, fari þau með forsjá barnsins fram að yfirfærslu á foreldrastöðu nema um annað sé samið samkvæmt barnalögum. Því má spyrja hvort yfirfærsla á foreldrastöðu feli ekki það í sér að forsjáin færist á milli aðila?

Á þessu stigi málsins gerir Þjóðskrár Íslands ekki fleiri athugasemdir við frumvarpið en óskar eftir því að koma að athugasemdum á síðari stigum málsins.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Björg Finnbogadóttir
Lögfræðingur